
Sjálfbóðaliðar og UMFÍ:
Hvernig fáum við sjálfbóðaliða til starfa

Sara í Ungmennaráði UMFÍ:
Fullt af geggjuðum tækifærum

Fékk bréf frá ungmennafélaga:
„Þar sem ég er hvort eð er að drepast...“

Eg er Sjálfbóðaliði**UMFÍ**

**Við erum
öll í þessu
saman**



LEIKURINN OKKAR

Alla leið á öruggari dekkjum



Bókaðu tíma
í dekkjaskipti
í N1 appinu



Skannaðu kóðann
og náðu í N1 appið

Michelin Cross Climate 2

- Sumardekk fyrir norðlægar slóðir
- Öryggi og ending
- Halda eiginleikum sínum vel út líftímann
- Gott grip við allar aðstæður
- Endingarbestu sumardekkinn á markaðnum



Henta vel
fyrir rafbíla

Michelin e-Primacy

- Öryggi og ending
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Einstakir aksturseiginleikar
- Ferð lengra á hleðslunni / tanknum
- Kolefnisjafnaður flutningur frá framleiðanda



Michelin Pilot Sport 5

- Sumardekk fyrir þá kröfuhörðustu
- Veita óviðjafnanlega aksturseiginleika
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Endingarbestu dekkinn í sínum flokki

Notaðu
N1 kortið

Afsláttur & punktar



Hjólbarðapjónusta N1

Bíldshöfða	440 1318	Langatanga Mosfellsbæ	440 1378
Fellsmúla	440 1322	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440 1374
Réttarhálsi	440 1326	Grænásbraut Reykjanesbæ	440 1372
Ægisíðu	440 1320	Dalbraut Akranesi	440 1394
Klettagörðum	440 1365	Réttarhvammi Akureyri	440 1433

N1 ALLA LEIÐ

Sjálfboðaliðar eru ekki sjálfsgæðir, þeir eru fágæt og dýrmæt auðlind sem mikilvægt er að passa upp á. Sjálfboðaliðar eru forsenda þess að íþrótt- og félagsstarf gangi upp. Umræðan í félagsstarfi hefur lengi verið að sjálfboðaliðum sé að fækka. Sífelld sé erfiðara að fá fólk til að taka þátt í starfinu. Samt er það svo undarlegt að þótt tími fólks sé dýrmætur virðist alltaf einhver vera til í að taka þátt, leggja sitt af mörkum, vera til staðar.

Dr. Ágúst Einarsson bendir á það í bók sinni *Íþróttir hérlendis í erlendu samhengi* að hlutfall sjálfboðaliða í íþróttahreyfingunni er hærra á Íslandi en í hinum Norðurlandríkjunum. Fyrir það erum við sem störfum í íþróttahreyfingunni þakklát og stolt. Það væri líka virkilega erfitt að halda íþróttamót fyrir börnin okkar ef ekki væri fyrir manneskjurnar sem sinna sjálfboðaliðastörfunum. Þá væri enginn til að dæma leikinn, enginn að skrá niður árangurinn í stökki, engin tímataka, enginn sem gistir með liðinu, enginn að sinna sjoppuvaktinni. Öll þessi verkefni sem sjálfboðaliðar sinna og

gera okkur öllum kleift að æfa íþróttir, keppa og leyfa börnunum okkar að finna sitt áhugamál.

Starf sjálfboðaliða getur verið mjög vanþakklátt. Oft þurfa sjálfboðaliðar að taka við kvörtunum, þrifa og taka til hendinni á einn eða annan hátt svo að allir viðburðir geti farið vel fram. Samt er sjálfboðaliðastarfið gefandi. Fólk sem sinnir sjálfboðaliðastörfum kynnist öðrum sem deila sama áhugamáli eða sömu hugsjón. Fólk sem það hefði annars ekki kynnst og getur orðið stór hluti af lífi þess.

En hvað gerist þegar sjálfboðaliða vantar? Líklega myndi allt íþrótt- og félagsstarf landsins lognast út af eða nauðsynlegt yrði að borga fólk fyrir þessa vinnu. Þá myndu félagsgjöldin hækka. Að öllum líkindum myndu margar fjölskyldur ekki hafa efni á að taka þátt í íþrótt-

starfinu. Fjárafilanir fyrir félögin eru bornar uppi af iðkendum og sjálfboðaliðum. Kvinnakvöld, karlakvöld, þorablót, ekkert af þessu væri mögulegt ef ekki væru sjálfboðaliðar.

Þess vegna vil ég nýta þetta tækifæri til að segja takk. Takk, öll þið sem leggið ykkur fram við að gera íþróttalíf landsins mögulegt.

Takk, þú sem situr í stjórn deildarinnar. Takk, þú sem mættir að mæla á frjálsíþróttamótinu. Takk, þú sem ert alltaf til í að skúra gólfíð eftir þorablótið. Takk, þú sem reddaðir búningunum sem vantaði í leikritið. Takk, þú sem stóðst í miðasölunni. Takk, þú sem situr á ritaborðinu.

Takk fyrir að gefa dýrmæta tímann þinn.

Hallbera Eiríksdóttir er sjálfboðaliði og á sæti í varastjórn UMFÍ.



Efnisyfirlit

- 6 „Þar sem ég er hvort eða er að drepast...“
- 8 Íþróttahreyfingin undir sama þaki
- 10 Sara í Ungmennaráði UMFÍ
- 12 Ylva er nýr formaður NordUng
- 14 Allir geta verið með í ringó
- 20 Sjálfboðaliðar í íþróttahreyfingunni
- 21 Sjálfboðaliðar og forvarnir
- 22 Sjálfboðaliðar hjá UMFÍ
- 25 Jón Sverrir hjá HSP: Þurfum að snúa upp á handlegginn á fólk
- 26 Hvernig fáum við sjálfboðaliða til starfa?
- 28 Sjálfboðaliðar og gullna vafflan
- 29 Norðmenn fræðast um íþróttafélög og íþróttastyrki
- 30 Gunnar Helgason: Huga þarf að ábyrgð sjálfboðaliða
- 31 Sjálfboðaliðar Rauða krossins funduðu á Reykjum
- 34 Styrkir úr Fræðslu- og verkefnasjóði gefa enn af sér
- 35 Félagar í USVS eru óendanlega stolt af Fyrirmyndarbikarum
- 36 Samstarf UMFÍ og ISCA: Flóttafólk og íþróttir
- 38 Hvernig á að halda þessa fundi?
- 40 Gamla myndin: Konungsglíman 1907
- 41 Jóhann Steinar: Hjálpumst að svo allir geti tekið þátt í íþróttastarfi
- 42 Ungmennafélagið Trausti: Spila pílu undir Fjöllum



16 Viðtal við Hjörleif hjá HSH: Sprenging í starfinu í Stykkishólmi



18 Áskoranir tengdar sjálfboðaliðum



24 Embla Líf: Starf sjálfboðaliða er gott fyrir ferillskrána



32 Viktoría hjá Íþróttfélaginu Ívari: Ljúft og skylt að gefa til samfélagsins

Veist þú hvað Sportabler getur gert fyrir þitt félag?



- Fullkomið skráningar- og greiðsluferfi
- Góð yfirsýn, rekjanleiki og örugg gagnasöfnun
- Tímasparnaður
- Miðlun upplýsinga

Gerum gott starf enn betra, íþróttir skipta máli



Kynntu þér málið á [Sportabler.com](https://www.sportabler.com)



„Þar sem ég er hvort eð er að drepast ...“

Gamall bóndi í Austur-Húnavatnssýslu fór með gamalt fréttabréf UMFÍ eins og dýrgrip. Hann lést fyrir mörgum árum en vildi að bréfið færi í góða geymslu. UMFÍ fékk bréfið á dögunum.

„Ég er hætt að vinna, var að ganga frá dóti og gramsa í gömlum skjölum. Þá rakst ég á bréfið og hugsaði: Guð minn góður! Ég þarf að koma bréfinu á sinn stað áður en ég hrekk upp af,“ segir Sigurlaug Þóra Hermannsdóttir, fyrrverandi formaður Héraðssambands Austur-Húnavetninga. Hún sat jafnframt í stjórn UMFÍ árin 1991 til 1997.

Á dögunum kom í pósti til UMFÍ bréf sem innihélt vélritað og upplýsandi bréf frá október árið 1940 með fréttum af starfi sambandsins og fyrirætlunum.

Fram koma í bréfinu ýmis mál sem varða ungmennafélagshreyfinguna, Aðalsteinn Sigmundsson er kynntur til sögunnar sem nýr ritstjóri Skinfaxa, rætt er um fjármögnun blaðsins og því velt upp hvort UMFÍ eigi að greiða sérstakan umferðarkennara fyrir félagsfólk, komið er inn á jarðrækt, bindindismál og margt fleira.

Bréfið er stílað á Ungmennafélagið Morgunroðann, sem var eitt af athafnasöðum aðildarfélagum Ungmennasambands Austur-Húnavetninga. Heimilisfangið er Mánaskál í Laxárdal, en þar bjó Torfi Sigurðsson. Umf. Morgunroðinn varð til upp úr sameiningu Framsóknarfélagsins Laxdals og Heimilisíðnaðarfélagsins Hvatar á þriðja áratug 20. aldar. Þegar bréfið barst til Mánaskálar árið 1940 hafði ungmennafélagið breytt um nafn.

Gefur góða mynd af ungmennafélaginu


Sigurlaug segir Torfa hafa ævinlega fundist mikið til bréfsins koma, enda sé það afskaplega fallegt á allan hátt. Hann hafi því passað afar vel upp á það í hálföld.

„Þegar ég var formaður Ungmennasambandsins kom Torfi til mín og dró bréfið upp úr pússi sínu. Síðan sagði hann: „Þar sem ég er



Sigurlaug Þóra Hermannsdóttir.

hvort eð er að fara að drepast þá vil ég láta þig hafa þetta bréf af því að mér finnst það svo merkilegt.“ Hann taldi það best geymt hjá mér. En þetta er langt síðan, líklega nálægt þrjátíu árum, og Torfi löngu dáinn. Þegar ég fann bréfið svo í tiltektinni hjá mér varð ég að koma því til UMFÍ því ég vildi ekki eiga það ofan í skúffu heima hjá mér ef ég hrykki upp af. Bréfið á heima hjá UMFÍ. Þar er það í góðum höndum. Bréfið gefur svo góða og skýra mynd af því hvernig lífið í ungmennafélaginu var í kringum 1940,“ segir Sigurlaug.



Bréfið er upp á fjórar þéttskrifaðar vélritaðar blaðsíður þar sem greint er frá ýmsu í starfi UMFÍ og er stór örk sem þurfti að brjóta vel saman til að komast í umslag. Þ.

Skinfaxi 1. tbl. 2023

Skinfaxi, tímarit Ungmennafélags Íslands, hefur komið út samfleytt síðan 1909. Tímaritið dregur nafn sitt af hestinum fljúgandi sem dró vagn goðsagnarverunnar Dags er ók um himinhvolfið í norrænum sagnaheimi.

RIÐSTJÓRI

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson.

ÁBYRGÐARMADUR

Jóhann Steinar Ingimundarson.

RITNEFND

Gunnar Gunnarsson, Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir, Sigurður Óskar Jónsson, Kristján Guðmundsson, Jóhanna Íris Ingólfssdóttir og Embla Líf Hallsdóttir.

UMBROT OG HÖNNUN

Indigó.

PRENTUN

Litróf.

AUGLÝSINGAR

Hringjum.

FORSÍÐUMYND

Myndina tók Jón Aðalsteinn Bergsveinsson af sjálfboðaliða í Drulluhlaupi Krónunnar þegar það fór fram í Mosfellsbæ í fyrsta sinn sumarið 2022.

LJÓSMYNDIR

Margrét Hulda Óladóttir, Hafsteinn Snær Þorsteinsson, Tjörvi Týr Gíslason, Sabina Szkarlat, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson o.fl.

SKRIFSTOFA UMFÍ/SKINFAXA

Þjónustumiðstöð UMFÍ, Engjavegi 6, 104 Reykjavík, s. 568 2929
umfi@umfi.is - www.umfi.is

UMFÍ

Ungmennafélag Íslands, landssamband ungmennafélaga á Íslandi, var stofnað á Þingvöllum 2. ágúst 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 27 talsins og skiptast í 22 íþróttahéruð og 5 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 480 félög innan UMFÍ um land allt.

STJÓRN UMFÍ

Jóhann Steinar Ingimundarson formaður, Gunnar Þór Gestsson varaformaður, Ragnheiður Högnadóttir meðstjórnandi og formaður framkvæmdastjórnar, Guðmundur G. Sigurbergsson gjaldkeri, Sigurður Óskar Jónsson ritari, Málfríður Sigurhansdóttir meðstjórnandi og Gunnar Gunnarsson meðstjórnandi.

VARASTJÓRN UMFÍ

Hallbera Eiríksdóttir, Lárus B. Lárusson, Gissur Jónsson og Guðmunda Ólafsdóttir.

STARFSFÓLK UMFÍ

Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri, Einar Þorvaldur Eyjólfsson fjármálastjóri, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson kynningarfulltrúi og ritstjóri Skinfaxa, Ómar Bragi Stefánsson landsfulltrúi og framkvæmdastjóri Landsmóta (með aðsetur á Sauðárkróki), Ragnheiður Sigurðardóttir landsfulltrúi og verkefnastjóri og Guðbirna Kristín Þórðardóttir ritari.

SKÓLABÚÐIR Á REYKJUM

Sigurður Guðmundsson forstöðumaður, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir, Andrea Ólafsdóttir og Luis Augusto Aquino, leiðbeinendur. Gísli Kristján Kjartansson kokkur og Oddný Bergsveina Ásmunds-dóttir aðstoðarkona í eldhúsi. Róbert Júlíusson húsvörður og Elmar Davíð Hauksson sér um þrif.



Teva 126010-2

Verkur, eymsli, þroti?

Diclofenac Teva hlaup

Til staðbundinnar meðferðar útvortis á vöðvum og liðum.

Diclofenac Teva er hlaup sem inniheldur virka efnið díklófenak. Lyfið er notað útvortis við verkjum, eymslum og þrota í liðum og vöðvum vegna bólgu. Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. **Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is**

Markaðsleyfishafi Teva B.V. Umboðsaðili er Teva Pharma Iceland ehf.

teva



Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ tekur við blómvendi frá Lárusi Blöndal forseta ÍSÍ.

Íþróttahreyfingin undir sama þaki

Ákveðin tímamót urðu í sögu UMFÍ á árinu þegar þjónustumiðstöðin flutti í Íþróttamiðstöðina við Engjaveg í Reykjavík. Þetta er í fyrsta sinn sem ÍSÍ og UMFÍ eru undir sama þaki.

Þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík hefur verið á nokkrum stöðum í gegnum tíðina. Hún var í Sigtúni 42 frá 2010 og deildi þar húsnæði með Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ) og Brú lífeyrissjóði. Í febrúar 2022 var svo greint frá því að ÖBÍ hefði keypt hlut UMFÍ í húsinu. Nær samstundis var hafist handa við að leita að nýju húsnæði fyrir þjónustumiðstöðina.

ÖBÍ keypti húsnæðið til að koma aðildarfélögum sínum undir eitt þak. Nokkuð umfangsmiklar framkvæmdir voru fyrirhugaðar í Sigtúnu og eftir sambandsráðsfund UMFÍ flutti þjónustumiðstöðin úr húsinu. Starfsfólkið í Reykjavík var til skamms tíma á leiguskrifstofu í Hafnartorgi en flutti nær áramótum á skrifstofu Ungmennasambands Kjalarnesþings (UMSK) í Íþróttamiðstöðinni.

Lendingin varð síðan sú að stjórnir ÍSÍ og UMFÍ sömdu um að þjónustumiðstöðin yrði á þriðju hæð Íþróttamiðstöðvarinnar, þar sem kunnuglegir ráðstefnusalir höfðu verið um árabíl. Ráðast þurfti í talsverðar breytingar á hæðinni og var helmingur hennar hugsaður sem þjónustumiðstöð UMFÍ. Farið var í stórtækar framkvæmdir við að breyta öðru rými á hæðinni í ráðstefnusalir.

Margar hendur komu að gerð þjónustumiðstöðvar UMFÍ. Leifur Welding hannaði útlit þjónustumiðstöðvarinnar, en áhrifa hans gætir víða. Meðal hönnunarverka hans eru margir af vinsælustu og fegurstu veitingastöðum landsins, svo sem mathöllin í Pósthúsinu við Pósthússtræti, Grillmarkaðurinn, Fiskfélagið, Steikhúsið og Hótel Geysir. Svo mikla athygli vekja verk Leifs að erlend hönnunartímarit hafa skrifað greinar um þau.

Þjónustumiðstöð UMFÍ hefur einmitt vakið mikla athygli í Íþróttamiðstöðinni. Hún er ekki aðeins glæsileg, heldur hefur hún þróast út í að verða viðkomustaður margra tengdra íþróttum, enda er stór hluti íþróttahreyfingarinnar nú undir sama þaki. Í Íþróttamiðstöðinni eru bæði Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) og Ungmennasamband Kjalarnesþings (UMSK), mikill fjöldi sérsambanda og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ).

Mikill gestagangur hefur verið í þjónustumiðstöð UMFÍ síðan hún var opnuð í mars sl. og hefur það leitt af sér mun betri tengingar og miklu meiri kraft innan íþróttahreyfingarinnar en áður hefur þekkt.



Heimsóttu nýju þjónustumiðstöðina

„Til hamingju með glæsilega aðstöðu,“ segir Flemming Jessen, íþróttakennarinn fyrrverandi, við hóp fólks úr stjórn Félags áhugafólks um íþróttir aldraðra (FÁÍA) sem kom í heimsókn í nýja þjónustumiðstöð UMFÍ í lok mars. Hópurinn hóf heimsóknina á hádegisverði á fyrstu hæð hússins áður en kíkt var í þjónustumiðstöð UMFÍ.

„Heimsóknin var höfðingleg og dagurinn skemmtilegur, sem ég vona að við endurtökum í haust,“ segir Flemming, en með í för voru þau Hjörtur Þórarinsson, Kolfinna Sigurvinsdóttir, Þórey S. Guðmundsdóttir og Eygló Alexandersdóttir. Með á myndinni er hluti af hópi starfsfólks UMFÍ í þjónustumiðstöðinni í Reykjavík.

FÁÍA hóf störf árið 1985 og vann að því að kynna ýmsar íþróttagreinar og leiki fyrir eldri borgara. Á meðal nýju greinanna sem félagið tók upp á sína arma og kynnti hér á landi í fyrsta sinn voru ringó, botsía og fleiri greinar sem UMFÍ tók síðar upp á Landsmóti UMFÍ 50+. Slagorð félagsins hefur ævinlega verið: Það er aldrei of seint að hreyfa sig!



Frá vinstri: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Guðfinna Birna Þórðardóttir, Kolfinna Sigurvinsdóttir, Þórey S. Guðmundsdóttir, Flemming Jessen, Eygló Alexandersdóttir, Auður Inga Þorsteinsdóttir, Hjörtur Þórarinsson og Ragnheiður Sigurðardóttir.



Hrefna Dís Pálsdóttir, Halla Margrét Jónsdóttir og Sara J. Geirsdóttir.

Sara í Ungmennaráði UMFÍ:

Fullt af geggjuðum tækifærum

Ungmennaráð UMFÍ samanstendur af ungu fólki frá 16 ára aldri. Yngsti meðlimur ráðsins er orkubolti frá Suðurlandi sem flutti í borgina til að fara í framhaldsskóla í Ármúla.

„Mér finnst ótrúlega gaman í Ungmennaráðinu, er búin að kynnst þar frábæru fólki og fá fullt af geggjuðum tækifærum,“ segir Sara J. Geirsdóttir. Hún á sæti í Ungmennaráði UMFÍ, sem fundaði í fyrsta sinn í mars í nýrri þjónustumiðstöð UMFÍ. Þetta var fimmtándi fundur ráðsins á starfstímabilinu. Fundað hefur verið á ýmsum stöðum, í Grafarvogi með ungmennaráði þar, með fjarfundarbúnaði og með ýmsum öðrum hætti. Fundurinn í Grafarvogi var fyrsti fundur ráðsins með ungmennaráði Grafarvogis, en fundað var á skrifstofu ungmennafélagsins Fjöltnis í Egilshöll. Félagið var með beina aðild að UMFÍ þar til Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) gerðist sambandsaðili.

Fundurinn í þjónustumiðstöðinni var fyrsti staðfundur ráðsins á nýjum stað og mættu allir úr ráðinu á fundinn, meira að segja tveir meðlimir sem eru í meistaranámi í Kaupmannahöfn.

Í ungmennaráði UMFÍ sitja ungmenni 16 ára og eldri af landinu öllu. Sara, sem er fremst á myndinni vinstra megin, er einmitt með þeim yngri. Hún er 16 ára.

Hún segir nóg um að vera í Ungmennaráðinu. Það sé á fullu að undirbúa nokkur verkefni, þar á meðal skemmtisólarhring, sem er tækifæri fyrir ungt fólk til að koma saman og kynnst nýju fólki. Auk þess undirbýr ráðið viðburðinn Samtal ungmennaráða, þar sem fulltrúum allra ungmennaráða á Íslandi er boðið að deila reynslu sinni. Stærsti viðburður Ungmennaráðs UMFÍ er ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði, sem verður haldin í Skólalabúðum UMFÍ að Reykjum í Hrutafirði dagana 22.–24. september. Yfirskrift ráðstefnunnar verður *Að jörðu skaltu aftur verða* og verður áherslan á umhverfismál.

Sara segir fróðlegt að vera í Ungmennaráði UMFÍ.

„Ég er alltaf að læra nýja hluti. Þetta er mjög eflandi og ég mæli með því fyrir alla!“ segir hún.



Ungmennaráð UMFÍ er skipað níu ungmennum á aldrinum 16–25 ára. Við skipun í ráðið er horft til þess að þau sem í því sitja séu á öllum aldri, af öllum kynjum og séu á einhvern hátt þverskurður af ungu fólki. Helsta hlutverk ráðsins er að vera stjórn UMFÍ til ráðgjafar um málefni ungs fólks og skipuleggja og standa fyrir viðburðum fyrir ungt fólk. Fundir ráðsins eru alla jafna haldnir á 4–6 vikna fresti ýmist með fjarfundarbúnaði og/eða sem staðfundir.

Nýr meðlimur kom inn í Ungmennaráð UMFÍ á vordögum. Sá heitir Ernir Daði Arnbergz og er frá Hvanneyri. Hann er á 16. ári og æfir knattspyrnu með ÍA, er fulltrúi í Ungmennaráði Borgarbyggðar og í nemendafélagi grunnskólans. Ernir hefur tekið þátt á Unglingalandsmótum UMFÍ frá 10 ára aldri og komið sem gestur á ungmennaráðstefnu Ungt fólk og lýðræði.

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
UNGMENNASAMBAND SKAGAFJARÐAR
SKAGAFJÖRÐUR

UMFÍ

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ FYRIR 11-18 ÁRA.
TÓNLEIKAR OG SKEMMTUN Á KVÖLDIN.

UNGLINGA LANDSMÓT UMFÍ

SAUÐÁRKRÓKI
3.-6. ÁGÚST



ALLT UM MÓTIÐ
UMFI.IS

Ylva er nýr formaður NordUng

Norrænu ungmennasamtökin NordUng héldu aðalfund sinn í mars nýrri þjónustumiðstöð UMFÍ. Nýr formaður samtakanna býr í Mosfellsbæ.



Halla, Ylva og Rene, fráfarandi formaður NordUng.

Ylva Sóley Jóhanna Þórsdóttir Planman var nýlega kjörin formaður norrænu ungmennasamtakanna Nordisk Ungdomsorganisation (NordUng). Ylva Sóley sem á foreldra frá Svíþjóð og Íslandi, flutti sex ára til Svíþjóðar en hefur frá árinu 2019 verið búsett í Mosfellsbæ. Ylva tekur við formannsembættinu af Rene Lauritsen, sem verið hefur formaður NordUng frá árinu 2017.

Ylva er fyrsta konan til að setjast í formannsstól NordUng síðan Anna Ragnheiður Möller var formaður þeirra árin 2002 til 2012. Ylva situr í stjórn ungmennasamtakanna fyrir hönd sænska félagsins FNUF – Föreningarna Nordens Ungdomsförbund.

Samtök fyrir ungt fólk

NordUng var áður styttnu sem NSU og hefur UMFÍ lengi verið samstarfsaðili samtakanna. NordUng eru samtök æskulýðsfélaga á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum. Á þeim vettvangi hafa samtökin unnið mörg sameiginleg verkefni sem tengja Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin saman.

Á meðal verkefnanna eru ungmennaskipti, ungmennavikur, markmiðaráðstefnur og margt fleira sem meðlimir Ungmennaráðs UMFÍ hafa meðal annars skipulagt og sótt. Eitt af verkefnum NordUng á næstunni er skipulagning ungmennaviku á Grænlandi.

Ungmennasamtökin hafa í gegnum tíðina fundað víða á Norðurlöndunum, þar á meðal nokkrum sinnum hér á landi og þá í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík. Samtökin héldu aðalfund sinn í mars og fór hann fram í nýrri þjónustumiðstöð UMFÍ í Íþróttamiðstöðinni við Engjaveg.

Stjórn NordUng hitti stjórn og starfsfólk UMFÍ daginn áður, þar sem snæddur var kvöldverð saman og rætt um ýmis mál tengd ungu fólki.

Aðalfundinn sátu fulltrúar NordUng frá Norðurlöndunum, Eystrasaltsríkjunum og Þýskalandi. Ylva tók þar við af Rene auk þess sem nýr framkvæmdastjóri, Lee Jenner, tók við keflinu.

Fulltrúi UMFÍ og Ungmennaráðs UMFÍ í stjórn UngNord nú er Halla Margrét Jónsdóttir.



Lee Jenner, nýr framkvæmdastjóri NordUng, kveður Piu Winsten með gjöf. Pia lætur af störfum í júní. Lee er frá Eistlandi en Pia frá Finnlandi.



Stjórnir og starfsfólk UMFÍ og NordUng þegar þær hittust. Fremst á myndinni má sjá Jóhann Steinar Ingimundarson, formann UMFÍ, við hlið Rene, fráfarandi formanns NordUng.

Hvað þarf að kunna áður en maður fullorðnast?

Sara J. Geirsdóttir, sem á sæti í Ungmennaráði UMFÍ, tók þátt í vinnustofu NordUng, sem fór fram í gamla Héraðsskólanum á Laugarvatni um miðjan mars á undan aðalfundinum. Hún og fleiri íslenskir þátttakendur komu á þriðjudag og gistu þar fram á föstudag.

Vinnustofurnar voru með þeim hætti að þátttakendum var skipt í þrjá hópa og unnu þeir verkefni sem ýmist fjölluðu um samfélagsmál, fullorðinsfræðslu eða ýmis önnur mál tengd því hvað gott er að kunna áður en maður kemst á fullorðinsár.

„Ég var aðallega í hópi sem ræddi um það hvernig það er að fullorðnast. Við unnum verkefni í tengslum við það og bjuggum til kyn-

ingarmyndband sem verður sýnt á leiðtoganámskeiði í Danmörku í maí. En síðan fórum við að skoða Gullfoss, Geysi og Þingvelli, fórum í Fontana, spiluðum og gerðum margt annað skemmtilegt,“ segir Sara.

Mörg námskeið NordUng í öðrum löndum

NordUng stendur fyrir ýmsum viðburðum á árinu, þar á meðal í Cluj í Rúmeníu, Vilnius í Litháen og Tromsø í Noregi.

Allar ítarlegri upplýsingar má finna á www.nordung.org

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS OG HNAPPADALSSÝSLU
SVEITARFÉLAGIÐ STYKKISHÓLMUR

UMFÍ

BLANDA AF ÍÞRÓTTAKEPPNI, ALMENNRI
HREYFINGU OG GLEÐI FYRIR 50 ÁRA OG ELÐRI.

LANDSMÓT UMFÍ 50+

STYKKISHÓLMI
23.-25. JÚNÍ



ALLT UM MÓTIÐ
UMFI.IS



Allir geta verið með í

RINGÓ



Aðstoðarskólalastjóri Dalskóla segir í skoðun að gera ringó að hluta af íþróttakennslu skólans.

„Það er svo gott að spila ringó, það geta allir verið með,“ segir Auður Valdimarsdóttir, aðstoðarskólalastjóri í Dalskóla í Reykjavík. Hún og fleiri kennarar skólans tóku virkan þátt í leik nemenda í 8.–10. bekk þegar boðið var upp á ringó í þemaviku skólans í mars.

Í ringóinu var gerð tilraun með að blanda saman nemendum úr þremur árgöngum. Það gekk vel og stefnir skólinn nú á að kaupa ringó-hringi og gera greinina hluta af náminu í skólanum, að sögn Auðar.



Ringó svípar til blaks. Spilað er á blakvelli. Liðin eru tvö og tveir til sex í hverju liði. Þau kasta á milli sín yfir net tveimur gúmmíhringjum í stað bolta. Markmiðið er að koma hring í gólfíð hjá andstæðingnum. Aðeins má grípa hringina með annarri hendi. Þar sem tveir hringir eru á lofti á sama tíma getur verið ansi mikið líf í leiknum.

Þátttakendur í leiknum þurfa ekki að búa yfir neinni sérstakri kunnáttu eða getu umfram þá að geta kastað gúmmíhring með annarri hendi og gripið slíkan hring.



Landnám ringó

Tiltölulega stutt er síðan byrjað var að spila ringó hér á landi. Landnámssaga greinarinnar er sú að árið 2006 fóru þrjár konur úr íþróttafélaginu Glóðinni í Kópavogi á landsmót DGI, sem þá fór fram í Haderslev á Jótlandi. Þar á meðal var Sigríður Bjarnadóttir, stofnandi og formaður Glóðarinnar. Þar kynntust þær ringóinu og hittu danskan leiðbeinanda sem kom ári síðar til Íslands til að kenna eldri borgurum íþróttina í Tennishöllinni. Upp úr því óx íþróttinni ásmegin.

Keppt var í ringó í fyrsta sinn á Landsmóti UMFÍ árið 2009. Eftir það hófu nokkur félög eldri ungmennafélaga að keppa í greininni og hafa nú verið haldin mörg mót í ringó.

Ringó hefur lengi verið á meðal keppnisgreina á Landsmótum UMFÍ 50+. Boðið var upp á ringó á mótinu á Ísafirði árið 2016 og voru eldri borgarar þar í bænum byrjaðir að æfa strax um vorið til að vera orðnir klárir fyrir keppnina sem var í júní. Nú eru komin mörg lið eldri borgara sem æfa ringó reglulega og keppa í greininni. Næsta stóra tækifærið til að keppa í ringó verður á Landsmóti UMFÍ 50+ í Stykkishólmi um Jónsmessuna, dagana 23.–25. júní.



Sprenging í starfinu í Stykkishólmi



Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson ásamt Vöku
Þorsteinsdóttur, íþróttamanni Snæfells 2022.

Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson hefur um árabíl starfað í þágu UMFÍ. Í dag gegnir hann formannshlutverki í Héraðssambandi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, en undir sambandinu starfa íþróttafélög í Snæfellsbæ og Stykkishólmi.

Eins og margir lesendur Skinfaxes hafa þegar frétt verður Landsmót UMFÍ 50+ haldið í Stykkishólmi um Jónsmessuna á þessu ári og hefur Hjörleifur tekið að sér að vera formaður framkvæmdanefndar mótsins. Óhætt er að fullyrða að þar fari maður með reynslu, því á næsta ári eru liðin þrjátíu ár frá því að Hjörleifur kom fyrst við sögu í starfi UMFÍ.

„Ég er búinn að vera sjálfboðaliði frá 1994. Byrjaði á því að fylgja börnum í íþróttastarf og fór í stjórnina þetta sama ár. Krakkarnir mínir voru þá að æfa frjálssar, körfu og fótbolta. Sá yngsti er enn að spila körfubolta og miðbarnið er komið í stjórnina með yngri flokka stjórn körfuboltans,“ segir Hjörleifur og bætir við að það sé nóg um að vera því iðkendur núna séu á bilinu 180 til 200 og á öllum aldri.

Hægara að fara í en úr að komast

Spurður að því hvernig hann hafi tolað svona lengi í starfinu segir Hjörleifur að það sé hægara að fara í en úr að komast.

„Það er ekki fólk á hverju stráti til að taka við og mig langar heldur ekkert endilega úr þessu strax. Ég er alltaf að telja sjálfum mér trú um að ég hafi eitthvað fram að færa,“ segir hann og hefur rétt fyrir sér í því, þar sem hann hefur lagt ótal lóð á vogarskálarnar sem hafa eftir íþróttastarf í Snæfellsbæ og Stykkishólmi.

„Það gefur mér helling að láta gott af mér leiða. Ég tek þátt í alls konar verkefnum og hef séð um marga þætti. Á köflum hefur þetta verið töluvert mikið en álagið minnkar þegar manni tekst vel að virkja fólk með sér. Þegar það tekst er lítið mál að vera formaður. Árið 2021 var gerður útikörfuboltavöllur í sjálfboðavinnu. Það tók nokkra daga og það var finasta mæting. Ég kallaði bara fólk til eftir því sem þurfti og það var hellingur sem mætti. Við byrjuðum á þessu í ágúst og það var klárað í október. Þá sendum við út boð á Facebook að það vantaði fólk sem gæti lagt okkur lið eftir vinnu og það voru alltaf einhverjir sem mættu,“ segir Hjörleifur, sem hefur leitt margs konar sjálfboðavinnu í gegnum árin sem jafnframt hefur leitt til fjáröflunar fyrir félagið.

„Við máluðum til dæmis grindverkið í kringum körfuboltavöllinn síðasta sumar. Bærinn borgaði okkur fyrir þá vinnu og sá peningur fór í fjáröflun fyrir deildir félagsins. Það var gaman að koma að svona dæmi,“ segir hann og bætir við að margt breytist í samfélaginu um leið og starfið eflist. „Núna erum við með meistaraflokka í körfubolta karla og kvenna. Fólk mætir á leiki og það gengur vel. Góð samstaða myndast og þar af leiðandi góð stemning. Það er gott að sjá þetta vaxa og dafna. Við þurfum bara að fá stærra íþróttahús. Það gengur illa að koma öllum fyrir svo að vel sé. Þegar það verður svona sprenging í þessu góða og uppbyggilega starfi verður að vera pláss fyrir alla.“

Hundrað prósentu þátttaka hjá þeim yngstu

Síðustu árin hefur iðkendum fjölgað mjög hratt hjá aðildarfélögum HSH. Vöxturinn hefur verið sérstaklega hraður síðastliðinn vetur. Hjörleifur segir þetta mögulega skýrast af vakningu hjá foreldrum og börnum um að börnin byrji snemma að stunda íþróttir.

„Fólk er líka eflaust glatt að losna úr Covid-leiðindunum og langar að vera í félagsskap við aðra. Ég hef heyrt að sums staðar á landinu hafi þátttaka dregist saman en svo er ekki hér í Stykkishólmi, því hér færirst allt í aukana,“ segir hann, en í Stykkishólmi er boðið upp á þjálfun í körfubolta, fótbolta og badminton.

„Ég held að ég geti fullyrt að það sé hundrað prósentu þátttaka í starfinu hjá þessum yngstu,“ segir Hjörleifur.



Ungar íþróttakempur úr Snæfelli.

Engum þarf að leiðast á Landsmóti 50+

En hvernig skyldi ganga að undirbúa landsmótið fyrir 50+?

„Það hafa þegar verið haldnir nokkrir fundir og þetta er allt á góðri leið,“ segir formaðurinn.

„Það verður keppt í botsía, pútti og golfi sem golfklúbburinn sér um, frjálsum, sundi, hestaíþróttum, borðtennis, badminton, pílu og ringó sem er einhvers konar afbrigði af blaki,“ segir hann og útskýrir að í ringó séu tveir í liði sem kasti hringjum yfir net og að tveir hringir þurfi alltaf að vera í loftinu í einu.

„Svo er keppt í frísbígolfi, en við erum með finan völl í það sem var settur upp fyrir tveimur árum,“ segir hann.

Spurður hversu mörgum gestum hann eigi von á segir hann svolítið erfitt að ráða í það en bætir við að engum þurfi að leiðast. „Mótið verður haldið með Dönskum dögum á Jónsmessu, þannig að það verður nóg um að vera. Ball með Stjórninni á laugardagskvöldinu og alls konar uppakomur. Svo háttar svo skemmtilega til að þetta verður allt á sama blettinum; íþróttavöllurinn, sundlaugin, golfvöllurinn og tjaldbæðið þar mitt á milli,“ segir hann og þá er líklegast ráð að bóka gistiþláss með góðum fyrirvara því mótið lofar sannarlega góðu.



Þurfum að vera vakandi fyrir stöðunni og áskorunum í starfi sjálfböðaliða



Steinunn Hrafnisdóttir segir mun færri rannsóknir hafa verið gerðar á starfi sjálfböðaliða á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndunum. Fækkun sjálfböðaliða almennt kann að skýrast af því að félagasamtök hafa ráðið fleira fagfólk til starfa.

Fólk gefur fremur kost á sér til sjálfböðaliðastarfa á Norðurlöndunum og í Vestur-Evrópu en í fyrirverandi austantjaldsríkjunum. Hæst er hlutfallið í Noregi. Á eftir fylgja Hollendingar, svo Danir, þar á eftir íbúar í Lúxemborg, Sviss, Svíþjóð og Finnlandi. Íslendingar eru í áttunda sæti, á undan íbúum Slóveníu og Írlands. Könnunin var reyndar gerð á vegum Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins, fyrir átta árum, árið 2015, og gæti staðan því mögulega hafa breyst síðan þá.

Steinunn Hrafnisdóttir, prófessor á félagsvísindasviði Háskóla Íslands, fór yfir málið í fyrirlestri á ráðstefnu um sjálfböðaliða í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Mennta- og barnamálaráðuneytið stóð fyrir ráðstefnunni, sem haldin var í tilefni af degi sjálfböðaliðans, sem er 5. desember ár hvert. Stóð ráðuneytið jafnframt fyrir kynningarátakinu Alveg sjálfsagt, sem var ætlað að vekja athygli á mikilvægi og störfum sjálfböðaliðans.

Í lýðræðissamfélögum taka fleiri þátt

Í kynningu ráðuneytisins segir að í covid-faraldrinum hafi mikilvægi íþrótt- og æskulýðsstarfs fyrir samfélagið allt komið berlega í ljós. Þegar siglt sé úr faraldrinum sé mikilvægt að skoða hvort starf með sjálfböðaliðum hafi breyst og hvaða áskoranir séu fram undan.

Steinunn sagði samspil ýmissa þátta skýra öfluga þátttöku fólks í sjálfböðaliðastarfi á Norðurlöndunum og víðar í Vestur-Evrópu en minni þátttöku í Austur-Evrópu. Helsta skýringin væri sú að þátttaka í sjálfböðaliða- og félagsstarfi væri algengari í lýðræðissamfélögum en þeim sem grundvölluðust á öðru stjórnfari. Félag- og tjáningarfrelsi skipti þar sköpum.

„En hverjir gerast svo sjálfböðaliðar?“ spurði Steinunn og svaraði því sjálf til að samanburðarrannsóknir sýndu að aldur, menntun, félagsleg staða og gildismat viðkomandi skipti máli.

„Það kemur ekki á óvart að fólk með börn í íþróttastarfi sinnir frekar sjálfböðaliðastarfi,“ sagði hún og benti því til staðfestingar á að flestir sjálfböðaliðar eru á aldrinum 30–39 ára. Algengara er líka að fólk leggi sitt af mörkum í dreifbýli en í þéttbýli. Fólk með ríkt tengslanet sinnir líka frekar sjálfböðaliðastarfi en aðrir, fólk í ábyrgðarstöðum gerir það því að í félagasamtökum eru þessir einstaklingar eftirsóknarverðari en aðrir. Ekki er hins vegar munur á kynjunum þegar kemur að sjálfböðaliðastörfum. Algengara er þó að karlar vinni fyrir íþrótt- og tómstundafélög en konur leggi af mörkum fyrir líknar- og góðgerðarfélög.

Áskoranir og breytingar

Steinunn sagði að þótt vísbendingar væru um að sjálfböðaliðum hefði fækkað eitthvað upp á síðkastið – eða ýmislegt benti til þess – skrifaðist þróunin á fleira en heimsfaraldur. Þegar sjálfböðaliðastarf hefði síðast verið kannað árið 2017 hefði komið í ljós að 27,7% landsmanna hefðu tekið að sér sjálfböðaliðastarf.

„Sjálfböðaliðastarf stendur mjög traustum fótum í íslensku samfélagi. En við þurfum að vera vakandi fyrir stöðunni og áskorunum,“ sagði hún og benti á að því miður hefðu færri rannsóknir verið gerðar á sjálfböðaliðastarfi hér á landi en annars staðar á Norðurlöndunum. Ráðast þyrfti í að gera stóra rannsókn á starfinu til að átta sig á stöðunni.

Bakgrunnur sjálfboðaliða

- 30–49 ára
- Gift(ur)
- Háskólamenntun
- Atvinnustaða
- Börn á heimili
- Búseta
- Ekki munur á milli kynja

Af hverju?

Ýmsar mögulegar skýringar geta verið á breytingar sem hafa orðið á sjálfboðaliðastarfi á Norðurlöndunum í gegnum árin.

- Fólk sem býður sig fram sem sjálfboðaliða er síður en áður skráð félagar í samtökunum sem unnið er fyrir.
- Fólk vinnur skemur en áður sem sjálfboðaliðar.
- Fólk bindur sig síður einum samtökum en áður og kys frekar að fara á milli félaga.
- Algengara er nú en áður að frjáls félagasamtök ráði starfsfólk til að sinna verkefnum í stað sjálfboðaliða. Fagmennska verður þá meiri en áður. Þegar félög fagvæðast er minni þörf fyrir sjálfboðaliða.
- Tækniþróun kann að skýra að færri fara á opna fundi en áður til að tjá sig. Það er hægt að gera á samfélagsmiðlum eða með fjarfundarbúnaði.

Sjálfboðaliðar gegna lykilhlutverki

Fjöldi fólks flutti ávarp á ráðstefnunni. Þar ber fyrstan að nefna Ásmund Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, sem setti ráðstefnuna. Ásmundur sagði meðal annars að með öflugu íþrótta- og æskulýðsstarfi væru byggðir upp sterkir einstaklingar.

„Þar gegna sjálfboðaliðar lykilhlutverki, án þeirra væri starfið ekki mögulegt. Öll viljum við búa í góðu samfélagi. Samfélag þar sem einstaklingar eru tilbúnir að ráðstafa tíma sínum og orku í þágu heildarinnar er gott samfélag. Sjálfboðaliðastarf tengt íþrótta- og æskulýðsfélögum er ómetanlegt og mikilvægt að ræða hvernig hægt er að viðhalda og efla slíkt starf í nútímasamfélagi,“ sagði hann.

Á meðal annarra frummælenda voru:

- Viðar Halldórsson, prófessor á félagsvísindasviði Háskóla Íslands
- Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir, Íþróttabandalagi Reykjavíkur
- Jóhann Þór Jónsson, formaður unglingaráðs knattspyrnudeildar Breiðabliks
- Sigurbjörg Birgisdóttir, sérfræðingur í sjálfboðaliðastjórnun hjá Rauða krossi Íslands
- Guðbrandur Örn Arnarson, verkefnastjóri hjá Landsbjörg
- Guðmundur Ari Sigurjónsson, sérfræðingur hjá Rannís
- Katrín Kemp Stefánsdóttir, skátahöfðingi

Erindi allra er hægt að sjá og heyrna hér:




Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, flytur ávarp á ráðstefnunni Alveg sjálfsagt – sjálfboðaliðar í íþrótta- og æskulýðsstarfi, á alþjóðlegum degi sjálfboðaliðans.



Íþróttir á Íslandi

Heimild: Íþróttir hérlendis í erlendu samhengi
– Ágúst Einarsson Háskólinn á Bifröst 2021



27.000

er fjöldi sjálfboðaliða 18 ára og eldri sem vinna fyrir íþróttahreyfinguna á Íslandi á hverju ári. Miðað er við niðurstöður evrópskrar könnunar sem sýnir að 32% 18 ára og eldri taka þátt í starfinu. Þetta er hærra hlutfall af landsmönnum en í hinum Norðurlandarákjnum.

6.200

eru ársverk í íþróttageiranum.

22 milljarðar króna

er áætluð velta íþróttá- og ungmennafélaga og samtaka þeirra á ári. Stærsta sneið könnunar er launagreiðslur, eða sem nemur 2/3 hlutum. Það þýðir að um 2.000 manns eru á launum hjá íþróttá- og ungmennafélögum landsins.

15 milljarðar króna

er verðmætið sem sjálfboðaliðar skapa fyrir íþróttir með vinnu sinni á hverju ári (miðað við 2019) ef miðað er við dagsverk. Ef sjálfboðaliðar inna ekki störfina af hendi er hætt við að íþróttá- og ungmennafélögin þyrftu að greiða fyrir þau og ljóst er að það yrði kostnaðarsamt.



Sjálfbóðaliðar og forvarnir

Dr. Ágúst Einarsson hagfræðingur fjallar ítarlega um störf sjálfbóðaliða og hagræn áhrif af vinnu þeirra fyrir íþróttahreyfinguna í bók sinni *Íþróttir hérlendis í alþjóðlegu samhengi* sem kom út árið 2021. Ágúst segir mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir því hversu margir starfi innan íþróttageirans hér á landi í launuðu og ólaunuðu starfi. Þeir sem eru í launaðri vinnu eru ekki alltaf í fullri vinnu heldur í hlutastörfum, sem er algengt form innan íþróttahreyfingarinnar.

Á meðal fjölmargra sjálfbóðaliða innan íþróttahreyfingarinnar eru foreldrar barna sem æfa íþróttir. Þeir hjálpa oft við ýmislegt sem tengist æfingum og keppnum barna sinna. Stjórnarmenn í íþrótt- og ungmennafélögum vinna líka oft ótrúlega mikið starf af hendi fyrir sitt félag.

Ágúst segir ljóst að rekstur íþróttafélaga á Íslandi myndi aldrei ganga án sjálfbóðaliða og að umfang og verðmæti starfa þeirra sé ákaflega vanmetið í allri umræðu. Verðmætasköpunin sé mikils virði fyrir íþrótt-

hreyfinguna, ekki aðeins í peningum talið heldur einnig í þeim ávinningi sem skapast af starfi sjálfbóðaliða. Þar á meðal eru jákvæðu áhrifin á börn og unglinga og fyrirbyggjandi atriði sem varða lífsstíl og heilsu.

Ágúst segir enn fremur að verðmætin felist ekki síst í þeim fyrirbyggjandi áhrifum sem sjálfbóðaliðastarf og íþróttir hafi í för með sér. Þau séu gríðarleg, bæði fyrir börn og ungt fólk ekki síður en eldri borgara, því hreyfing og annað sem fylgi íþróttum dragi úr heilbrigðis-kostnaði framtíðarinnar.


Áskoranir í starfi sjálfbóðaliða

Ágúst telur hugsanlegt að fjarað geti undan vinnu sjálfbóðaliða í tengslum við unglingsstarfið á næstunni. Ástæðurnar geta verið af ýmsum toga sem geti veikt starfið, svo sem kröfur um meiri afreksáherslur og sigur í keppnum, sem hann flokkar til skammtímaárangurs.



Sjálfbóðaliðar hjá UMFÍ

Gríðarlegur fjöldi sjálfbóðaliða tekur þátt í undirbúningi viðburða UMFÍ á hverju ári. Stjórnarfolk UMFÍ eru sjálfbóðaliðar. Fólk í stjórnunum íþróttahéraða sem halda Unglingalandsmót eða Landsmót UMFÍ 50+ eru sjálfbóðaliðar. Fólk í framkvæmdanefndum eru sjálfbóðaliðar. Í Ungmennaráði UMFÍ eru sjálfbóðaliðar á aldrinum 16–25 ára. Einnig vinna þúsundir sjálfbóðaliða fyrir aðildarfélög UMFÍ.



Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði er haldin árlega. Þetta er stór ráðstefna fyrir fólk á aldrinum 16–25 ára en þar ræða þátttakendur um hugðarefni sín auk þess að hlusta á erindi og sækja málstofur um leiðtogaþjálfun, samskipti og fleira sem styrkir þau sem einstaklinga. Síðasta ungmennaráðstefna var haldin í gamla Héraðsskólanum á Laugarvatni í september árið 2022.

80
þátttakendur

9
sjálfbóðaliðar

sem komu að undirbúningi og vinnu við ungmennaráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði




Sjálfbóðaliðar á ungmennaráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði.



Keppnisgreinar/sjálfbóðaliðar á Unglingalandsmóti UMFÍ á Selfossi

Unglingalandsmót UMFÍ er haldið á hverju ári um verslunarmannahelgina. Um 400 sjálfbóðaliðar koma að mótahaldinu sjálfu, um 50 manns utan við keppnisgreinar en rúmlega 360 í öllum greinum. Þetta sést best í upplýsingum frá Unglingalandsmóti UMFÍ sem fór fram á Selfossi 2022.



363
sjálfbóðaliðar
 komu að undirbúningi og vinnu við
 Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi



Starf sjálfböðaliða er gott fyrir ferilskrána

Embla Líf Hallsdóttir er formaður Ungmennaráðs UMFÍ. Ráðið vinnur að undirbúningi ungmennaráðstefnunnar Ungt fólk og lýðræði og viðburðinum Samtal ungmennaráða, sem er vettvangur fyrir ungmennaráð af öllu landinu.

„Við þurfum svolítið að útskýra fyrir fólki að við fáum ekkert greitt fyrir vinnuna okkar, jafnvel þótt við hvetjum aðra í öðrum ungmennaráðum til að fá greitt fyrir störf sín,“ segir Embla Líf Hallsdóttir, formaður Ungmennaráðs UMFÍ.

Vinna í ungmennaráðinu er sjálfböðaliðastarf með sama hætti og seta í stjórn UMFÍ. Þetta er þó mikil vinna, sérstaklega við undirbúning viðburða ráðsins. Ungmennaráðið er að undirbúa viðburði eins og samtal ungmennaráða, skemmtisólarhring og fundi með öðrum ráðum auk stóru ráðstefnunnar Ungt fólk og lýðræði, sem verður í september.

„Þetta er heilmikil vinna, enda erum við að vinna að mörgu sem hefur sjaldan verið gert, þar á meðal samtali ungmennaráða, þar sem öllum ungmennaráðum á landinu er boðið í samtal. Okkur fannst vanta vettvang fyrir ungmennaráðin, stað þar sem þau gætu hist og rætt saman um starfið. Við þurfum ekki að finna upp hjólið í hverju horni heldur getum við gert það saman. Nú stefnum við á einn fund í Reykjavík og annan á Akureyri. Við erum búin að funda fimmtán sinnum um þessi verkefni og hver fundur er allavega ein og hálf klukkustund. Þetta er dágóður tími þegar allt er tekið saman,“ segir Embla.

Gaman fyrir ungt fólk að taka þátt

Í ungmennaráði UMFÍ sitja átta einstaklingar af öllu landinu á aldrinum 16–25 ára. Venjulega er ráðið endurnýjað með sambærilegum hætti og aðrar nefndir UMFÍ, á sambandsþingum sem haldið er á tveggja ára fresti. Nýverið samþykkti þó stjórn UMFÍ ósk ungmennaráðsins um að seta í ráðinu yrði opnari svo að ungmennaráðið gæti endurnýjað sig hraðar. Mikil er líka um að vera hjá meðlimum ráðsins, sem flestir eru í

fullu námi og virkir í fleiri ráðum á borð við ungmennaráð sveitarfélaga. Sara J. Geirsdóttir, sem situr í ungmennaráði UMFÍ, á einmitt sæti í ungmennaráði UNICEF.

Embla byrjaði sömuleiðis snemma að vinna í ungmennaráðum. Það fyrsta var Ungmennaráð Mosfellsbæjar, sem hún tók sæti í þegar hún var í tíunda bekk í grunnskóla. Tilurð þessa segir hún þá að deildarstjóri í skólanum hafi komið að máli við sig og spurt hvort hún væri til í að prófa að sitja í ráðinu. Það gerði hún og fannst gaman, enda tók ráðið virkan þátt í starfi sveitarfélagsins.

Sjálfböðastarf er gott fyrir ferilskrána

Embla situr enn í fjölda annarra ráða og nefnda, meðal annars sem forseti nemendafélagsins á Bifröst. Hún segir þetta gott fyrir framtíðina og hvetur því ungt fólk til að setjast í ráð og nefndir og sinna starfi sjálfböðaliða.

„Ég er með skjal þar sem ég held utan um alla sjálfböðaliðavinnuna mína og nefndirnar sem ég sit í. Þar færi ég inn tilvísanir á greinar og viðtöl. Þetta er gott fyrir ferilskrána og bætir hana,“ segir Embla en leggur jafnframt áherslu á að halda verði vel utan um alla sjálfböðaliða, hvaða starfi sem þeir sinna, því ef mikið verði á þá lagt sé hætt við að þeir bugist, brenni út og hætti.

„Fólk þarf að vilja halda áfram og taka þátt á öllum aldri. Starf sjálfböðaliða á líka að vera gaman því við tökum svo margt að okkur. Þess vegna skiptir máli að lyfta starfinu upp og sýna hvað það er skemmtilegt. En maður þarf að vera skipulagður til að sinna þessu starfi,“ segir hún og mælir með því að viðurkenna verðmæti starfa sjálfböðaliða með einhverjum hætti til að sýna betur ávinning þess, bæði afrakstur vinnunnar og áhrifin á sjálfböðaliðann sjálfan.

„Störf sjálfböðaliða eru mikilvæg samfélagsleg verkefni, hluti af félagsfærni og leiðtogaþjálfun. Þetta er svo mikil reynsla. Margir þættir spila inn í og fólk þarf að fá eitthvað fyrir vinnu sína. Þess vegna gæti það hjálpað ungu fólki að meta störf þess til eininga í skólum. Sjálf held ég áfram að sitja í ráðum af því að ég finn að vinna mín skilar sér til annarra, ég er að gera gagn,“ segir Embla Líf.



Purfum að snúa upp á handlegginn á fólki

Jón Sverrir Sigtryggsson tók við formennsku hjá Héraðssambandi Þingeyinga því sá sem ætlaði að gera það guggnaði. Hann segir ótrúlegt hvað fólk sé óviljugt að taka að sér sjálfbóðaliðastörf hjá félagsamtökum í dreifðari byggðum.

„Allir eru að segja að það stefni í að okkur vanti sjálfbóðaliða. En við erum því miður löngu komin þangað og þurfum næstum því að snúa upp á handlegginn á fólki til að fá það í stjórn,“ segir Jón Sverrir Sigtryggsson, formaður Héraðssambands Þingeyinga (HSP).

Nokkuð illa hefur gengið að virkja sjálfbóðaliða í röðum Þingeyinga utan Húsavíkur til að vinna að viðburðum tengdum aðildarfélögum HSP og sambandinu sjálfu. Meira að segja gengur illa að manna stjórn HSP. Á ársþingi HSP í febrúar var Jón Sverrir einmitt endurkjörinn formaður stjórnar. Hann ætlaði upphaflega ekki að setjast í formannsstólinn en gerði það til að skera vin sinn úr snörinni.

Enginn annar fannst

Jón Sverrir var kosinn formaður á þingi HSP vorid 2022. Hann lýsir atburðarásinni með þeim hætti að þegar hann mætti á þingið hafi hann hitt fyrirverandi bekkjarbróður sem hafi verið formannsefni. Sá hafi haft lítinn áhuga á því en samþykkt að taka formannsembættið að sér þar eð enginn annar hafi fundist til að taka hlutverkið að sér.

„Þessi vilar lítið fyrir sér. En fyrir þessu var hann kvíðinn og viðurkennið fyrir mér að hann hefði aldrei verið eins taugastrektur fyrir neinu og þessu. Hann fann sex aðra sem voru beðnir að setjast í formannsstólinn í staðinn en þeir neituðu því allir. Á þinginu sendi hann mér svo smáskilaboð og spurði hvort ég væri til í það. Ég ákvað að taka þetta á mig til að koma honum úr kvíðakastinu,“ segir Jón Sverrir.

Vorum heppin að einn gleymdi kjörbréfinu

Jón bendir á að því miður sé það raunin í mörgum stjórnum félaga og félagsamtaka að þar sitji fólk af því að enginn hafi fundist til að manna stöðuna. Sumir geri það af skyldurækni. Þeir brenni félagsmálakertið sitt hratt upp og hætti síðan allri aðkomu sinni að félagsmálum.

„Það er ekki létt verk að finna fólk til að sitja í stjórn HSP. Í mínu tilviki var þetta spurning um hver nennti að taka þetta verk að sér. Fólk telur sig ekki hafa tíma til að sinna sjálfbóðaliðastörfum. Samt eru þetta hlutir sem við verðum að skipta á milli okkar,“ segir hann og bætir við að í aðdraganda síðasta þings hafi vantað frambjóðanda í stjórn. En þá kom tækifærið.

„Við vorum svo stálheppin að félag eins fulltrúa gleymdi kjörbréfinu hans. Þess vegna gátum við þvingað hann til þess að verða varamaður áður en þingið byrjaði,“ segir Jón Sverrir.

„Ég veit ekki hvað skýrir þetta. Að stórum hluta getur þetta verið áhugaleysi. Þessi fáu sem voru virk í stjórnun sinni félaga og höfðu mikinn áhuga á félagsstarfi fyrir tíu til fimmtán árum, sérstaklega á strjálbýlli svæðum, voru í kirkjukórnum, karlakórnum, búnaðarfélaginu og kvenfélaginu. Þau eru farin að gera eitthvað annað. Það er alveg sama hvort þau eru fertug, fimmtug eða sextug. Þau hafa sinnt sínu og aðrir eiga að taka við keflinu. En við höfum enga í staðinn,“ segir hann.

Á endanum ertu einn

Jón segir vel hafa gengið að manna stöður sjálfbóðaliða á árum áður. Fólk hafi verið skyldurækið og mætt í þau verkefni sem því hafi verið sett fyrir. En eitthvað hafi gerst eftir 2013 því fljótlega upp úr því hafi fólk fækkað sem tók að sér störf sjálfbóðaliða.

Jón telur skýringuna að hluta vera áhugaleysi en líka tímaleyfi. Hann finnur líka fyrir þessu í tengslum við fjölmennt stórmót Þjálf í Reykjadal fyrstu helgina í ágúst á hverju ári.

„Undirbúningur mótsins lýsir stöðunni vel. Fólk tekur alltaf vel í erindi manns í byrjun sumars. En þegar nær dregur viðburðinum heltist fólk úr lestinni. Þegar stundin rennur svo upp hætta allir við og á endanum stendurðu uppi einn,“ segir Jón að lokum.

Hvernig fáum við sjálfbóðaliða til starfa?

– Þetta gera Danir

Frændur okkar Danir nota ýmsar aðferðir til að vekja athygli á sjálfbóðaliðastörfum og fá fólk til starfa. Á heimasíðu DGI (dgi.dk), systursamtaka UMFÍ í Danmörku, eru m.a. greinar um leiðir til að hvetja fólk til að gerast sjálfbóðaliðar. Þar er einnig sagt frá því hvað felst í því að vera sjálfbóðaliði og hvað fólk græðir á því.

Í einni greininni, sem ber yfirskriftina „Vil du være frivillig i DGI Østjylland?“ (Langar þig að gerast sjálfbóðaliði hjá DGI Austur-Jótlendi?), segir í byrjun að sem sjálfbóðaliði fái þú tækifæri til að vinna við það sem þú hefur brennandi áhuga á og getir tekið þátt í því að gera gæfumu-
muninn í þeirri íþróttgrein sem þú ert sjálfbóðaliði í.

Hvað er í því fyrir mig?

Þar er varpað fram klassískri spurningu: Hvað fæ ég út úr því? Svarið við því er að þú getur fengið að starfa við þá íþrótt sem þú hefur brennandi áhuga á og hjálpað til við að taka ákvarðanir, haft áhrif á viðburði, lagt þitt af mörkum við að þróa starfseminna og margt fleira. Þú færð með öðrum orðum tækifæri til að sýna hvað þú getur lagt af mörkum til að skapa meiri og betri íþróttaupplifun fyrir íþróttafólkið í þínu héraði.

Auk þess gefi sjálfbóðaliðastarf þér tækifæri til að auka færni þína innan áhugasviðs þíns, til dæmis með því að öðlast hagnýta reynslu af tilteknum verkefnum og með þátttöku í ýmsum námskeiðum, þjálfunar-
þrógrömmum og ráðstefnum, og það segist DGI Austur-Jótlendi að sjálfsögðu veita. Út frá því er sjálfbóðaliðastarf kjörið tækifæri til að fá viðeigandi efni eða reynslu skráða í ferilskrána.

Hluti af spennandi samfélagi

Í greininni segir enn fremur að sem sjálfbóðaliði hjá DGI Austur-Jótlendi verðir þú líka hluti af spennandi samfélagi sem samanstendur af fjölmörgum öðrum hæfum og duglegum sjálfbóðaliðum sem hittast nokkrum sinnum á ári í tengslum við faglega og félagslega viðburði. Þetta má hæglega heimfæra á íslenskt íþróttastarf. Þar starfar fjöldi sjálfbóðaliða og margir hafa myndað ævilanga vináttu í tengslum við sjálfbóðaliðastörfin.

Haft er eftir Hans Jørgen Hvitved, formanni DGI Austur-Jótlendi, að 46 prósent Dana myndu bjóða sig fram ef þau væru einfaldlega spurð.

Þeirri spurningu er velt upp hvað fólk geti unnið við hjá DGI Austur-Jótlendi. Þar segir að starfið sem sjálfbóðaliði hjá DGI Austur-Jótlendi geti verið mjög fjölbreytt, þar sem það fari eftir því hverju fólk hafi áhuga á og hvað einstakar íþróttagreinar séu að fást við. Verkefni geti verið fólgin í því að búa til og halda viðburði, koma að ýmsum verkefnaferlum, markaðs- og samskiptaverkefnum og allt þar á milli. Með öðrum orðum sé mikið úrval af verkefnum sem fólk geti unnið að sem sjálfbóðaliðar.

Að lokum segjast þau vera mjög opin fyrir því sem hver og einn geti unnið með og að það sé þeim mikilvægt að fólk vinni með það sem það hafi brennandi áhuga á. Þau segjast því skoða færni fólks og áhugamál og tengja það við þarfir þess. Þau taka líka fram að þau séu alltaf tilbúin að hlusta á nýjar hugmyndir og frumkvæði. Og spyrja svo að lokum: Hefur þú áhuga? Við hlökkum til að heyra frá þér!



Hvað færð þú út úr því að vera sjálfbóðaliði?

- Þú færð tækifæri til meiri þátttöku í íþróttgreininni þinni.
- Þú hjálpar til við að taka ákvarðanir og hefur áhrif á viðburði, athafnir og verkefni.
- Þú færð mikla upplifun og hagnýta reynslu í ferilskrána þína.
- Þú færð góða baráttufélaga og stórt tengslanet, bæði sjálfbóðaliða og starfsmanna.

Þú ákveður sjálf(ur) hvað sjálfbóðaliðastarf þitt snýst um. Við munum sameiginlega komast að því hvernig færni þín nýtist best í samtökum okkar. Vinsamlegast hafðu samband við okkur ef þú vilt heyra meira um að vera sjálfbóðaliði eða skrá þig sem sjálfbóðaliði hjá DGI Austur-Jótlendi. Við hlökkum til að heyra frá þér.

STARTUR LÍFSRÉKI

RÁÐSTEFNA UM

HREYFIÚRRÆÐI

60+ fyrir skipuleggjendur og þjálfara

Skráning á bjartlif.is

M101 í HR | 16. maí | 12:00–16:00

Takk fyrir stuðninginn





Sjálfböðaliðar fá gullnu vöfluna

Fulltrúar íþrótt- og ungmennafélagsshreyfingarinnar lærðu margt í ferð sinni til Noregs fyrir ári.

„Sú tilfinning að sjálfböðaliðastarf sé að deyjá út er alltaf til staðar. Hluti vandamálsins er að sjálfböðaliðasamtök ætla sér að breyta heiminum á stuttum tíma, sem er ekki raunhæft. Við verðum að beina sjónum okkar frá því ómögulega yfir á það sem við getum raunverulega gert,“ segir Johan Conradson, yfirráðgjafi hjá íþróttahéraðinu Viken í Noregi.

Johan var aðalgestgjafi fulltrúa íþróttahreyfingarinnar þegar um 40 fulltrúar frá UMFÍ og aðildarfélögum heimsóttu íþróttahéraðið um miðjan mars árið 2022. Viken er fylkið sem nær utan um Oslóarborg. Þar búa um 1,2 milljónir manna í 51 sveitarfélagi. Hjá íþróttahéraðinu starfa 18 starfsmenn á sex sviðum.

Í Noregi er eitt íþróttasamband en undir því eru 11 íþróttahéruð, jafn mörg og fylkin, en Norðmenn hafa einu stjórnáslustugi meira en við. Fylkjunum er samt að fjölga, ákveðið hefur verið að skipta Viken, sem áður voru þrjú

fylki, aftur upp í tvö. Ekki stendur þó til að skipta upp héraðssambandinu. Til hliðar við þau eru 54 sérsambönd. Í flestum sveitarfélögum starfar síðan íþróttaráð, sem heldur meðal annars utan um mannvirkjagerð. Sér-samböndin síðan líka upp í svæðisbundin ráð.

Íþróttafélögin sjálf eru síðan tæplega 7600 talsins, voru um 12.000 fyrir nokkrum árum. Þótt þeim hafi fækkað hefur fjöldi iðkenda haldist. Innan Viken eru tæplega 1500 félög með rúmlega 400.000 félaga.

Johan benti á að norsku sjálfböðaliðasamtökin (Frivillighet Norge) fá alltaf fleiri sjálfböðaliða. Þar er fullt af fólki, sem vill leggja lið.

Ekkert veiti fólki í raun jafn mikla ánægju og að hjálpa öðrum.

„En ef þú spyrd bara þá sem eru þegar virkir í félaginu færðu nei því þeir eru þegar uppteknir,“ benti Johan samt á.



Íþróttahéruðin í Viken í Noregi.



Gullna vafflan

Hagsmunasamtök sjálfböðaliða í Noregi (Frivillighet Norge) í samvinnu við norska ríkið standa fyrir ári sjálfböðaliðans þar í landi. Hjá norska íþróttasambandinu er mánaðarlega afhent verðlaunin gullna vafflan og haldið úti samnefndu hlaðvarpi (Gullvaffel-podden). Nafnið er tilkomið af því að „þegar þú vinnur sem sjálfböðaliði fyrir íþróttafélag þá bakarðu ógrynni af vöflum!“ sögðu gestgjafarnir í Viken.



Norðmenn fræðast um íþróttafélög og íþróttastyrki

Hópur Norðmanna sem vinnur við íþróttir í sveitarfélögum í Rogalandfylki heimsótti Ísland og fræddist um íþróttastarfið á suðvesturhorninu.

Tæpur 30 manna hópur Norðmanna sem öll vinna við íþróttir í ólíkum sveitarfélögum Rogaland fylkis heimsótti Ísland um miðjan apríl til að fræðast um íþróttastarfið á Íslandi, um frístundastyrki, skipulag og fjármögnun íþróttafélaga, tengsl skóla og frístundastarfs og margt fleira.

Rogaland er í suðvesturluta Noregs og eitt af ellefu fylkjum landsins. Íbúar Rogalands eru meira en hálf milljón.

Uppbygging og sérkenni

Ragnhildur Skúladóttir, sviðsstjóri fræðslu- og almenningsíþróttasviðs ÍSÍ, og Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, voru með fyrirlestra fyrir hópinn um uppbyggingu íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og um sérkenni barna- og unglingastarfs hér á landi. Að auki voru þær hópnum innan handar þá tvo daga sem heimsókn þeirra stóð yfir.

Íþróttamannvirki skoðuð

Hópurinn fór í heimsókn í Laugardalshöllina þar sem Birgir Bárðarson framkvæmdastjóri hallarinnar tók á móti hópnum. Þaðan var ferðinni heitið til Ármanns þar sem Jón Þór Ólason framkvæmdastjóri tók á móti hópnum, sagði frá félaginu og sýndi mannvirkin. Næsti viðkomustaður var Laugardalsvöllur, þar sem Kristinn V. Jóhannsson tók á móti hópnum og gekk með þau um mannvirkið og að lokum skoðaði hópurinn Laugardalslaug þar sem Árni Jónsson hélt góða kynningu.

Jóhanna Garðarsdóttir hjá Reykjavíkurborg fór yfir frístundakort borgarinnar, nýtingu þeirra, áskoranir og tækifæri.

Hópurinn fór líka í skoðunarferð um ný og glæsileg íþróttamannvirki Fram í Úlfarsárdal og fékk upplýsingar um þá miklu uppbyggingu sem þar hefur farið fram, en þar tók íþróttastjórinn Þór Björnsson á móti hópnum.

Haldið austur fyrir fjall

Að því loknu lá leiðin austur fyrir fjall að skoða Helligheiðarvirkjun og áfram til Selfoss þar sem Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK, Helgi S. Haraldsson, formaður Umf. Selfoss, og Bragi Bjarnason, formaður bæjarráðs Sveitarfélagsins Árborgar, tóku á móti hópnum og sögðu frá starfsemi og sýndu þeim íþróttamannvirkin á vallarsvæðinu.

Frá Selfossi lá leiðin til Þingvalla þar sem Almagnagjá var gengin. Ferðin endaði svo í böðunum í Hvammsvík. Norðmennirnir voru þakklátir fyrir mjög góðar móttökur alls staðar sem þeir komu.

Huga þarf að ábyrgð sjálfböðaliða



Gunnar Helgason hefur verið sjálfböðaliði í stjórn Próttar Vogum frá tólf ára aldri. Hann mætti á síðasta aðalfund sinn í mars síðastliðnum þegar hann hætti störfum fyrir félagið. Gunnar hvetur fólk til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins. Hann óttast hins vegar að hoppukastalamálið á Akureyri geti haft neikvæð áhrif á störf sjálfböðaliða og hvetur til að hugað verði betur að ábyrgð þeirra.

„Þetta gerði ég með trega. En ég er að fara úr stjórn félags sem er í góðum málum og með bjarta framtíð,“ segir Gunnar J. Helgason. Hann mætti á síðasta stjórnarfund sinn hjá Prótti Vogum í gærkvöldi og fékk af því tilefni kók og prins í böði félagsins.

Gunnar mætti á fyrsta aðalfund sinn hjá Prótti tólf ára gamall árið 1985. Á fundinum þá fékk hann kók og prins eins og í gær. Hann fékk sæti í íþróttanefnd félagsins.

Gunnar segist hafa gengið í ungmennafélagið Prótt Vogum um leið og hann hafði aldur til og ákveðið strax þá að leggja sitt af mörkum til þess.

„Við máttum ekki ganga í ungmennafélagið fyrr en við urðum tólf ára. Samfélagið var auðvitað lítið þá með um 600 íbúa og voru þess vegna allir teknir inn og virkjaðir. Ég fékk sæti í íþróttanefnd sem þá var til í félaginu og tók við sem formaður í henni þremur árum síðar,“ segir hann.

Fram kemur í skýrslu stjórnar Próttar að sjálfböðaliðum sem starfa fyrir Prótt hafi fækkað eftir covid-faraldurinn. Á sama tíma setji samfélagið auknar kröfur á félagið. Tekið er fram að til þess að félagið nái að halda áfram á vegferð sinni sé það eitt af mikilvægari málum

ársins 2023 að fjölga í hópi sjálfböðaliða.

Gunnar segir fólk verða að leggja sitt af mörkum til íþróttafélaga sem sjálfböðaliðar, jafnvel þótt aðstæður séu orðnar aðrar en þegar hann gekk til liðs við Prótt fyrir 35 árum.

„Það er mikilvægt að virkja sem flesta, sérstaklega í þetta litlu samfélagi,“ segir hann, en auk þess sem hann hætti í stjórninni eftir öll þessi ár gengu tveir út í skiptum fyrir tvo aðra sem komu inn.

Skýra þarf ábyrgð sjálfböðaliða

Gunnar tekur undir með fleirum sem rætt hefur verið við um störf sjálfböðaliða um að erfiðara sé nú að leggja sitt af mörkum fyrir frjáls félagsamtök, þar á meðal íþróttafélög, en þegar hann var tólf ára. Þáttaskilin telur hann vera hoppukastalalysið á Akureyri sumaríð 2021, þegar sextán hundruð fermetra kastali tókst á loft í vindhviðu með hræðilegum afleiðingum. Þrjú börn beinbrotnuðu þegar hluti hoppukastalans tókst á loft og það fjórða hlaut alvarlega höfuðáverka auk beinbrots. Það mun hugsanlega aldrei ná sér að fullu.

Fimm einstaklingar voru ákærðir í málinu, þar á meðal tveir sjálfböðaliðar sem voru þar

að vinna fyrir Knattspyrnufélag Akureyrar (KA), en handknattleiksdeild félagsins tók að sér að útvega starfsmennina. Þeir áttu að sinna miðasölu og umsjón svæðisins fyrir eiganda og ábyrgðaraðila leiktækisins en var eftir slysið gefið að sök að hafa sýnt stórfellt aðgæsluleysi og vanrækslu við að tryggja öryggi í leiktækinu þrátt fyrir að skýrt sé tekið fram í samningum við eiganda hoppukastalans að hann skuli setja hann niður og festa við jörð. Er einstaklingum gefið að sök að jarðfestingar hafi verið of fáar til að halda svo stórum kasta og hann aðeins festur á útjörðum, engar jarðfestingar inni í honum og einingar aðeins festar með frönskum rennilás og spottum.

Málið var þingfest í Héraðsdómi Norðurlands eystra snemma í febrúar. Á meðal sjálfböðaliðanna sem ákærðir eru í málinu er forseti bæjarstjórnar á Akureyri.

Gunnar segir hætt við að þetta mál geti haft neikvæð áhrif á störf sjálfböðaliða og vinnu þeirra fyrir íþróttafélög í nánustu framtíð.

„Ef við ætlum að fá sjálfböðaliða þarf að tryggja hvar ábyrgðin liggur, því ef illa fer eins og þarna er hætt við að sjálfböðaliðar fáist ekki til starfa.“



Sjálfbóðaliðar Rauða krossins funduðu á Reykjum

Neyðarvarnaþing Rauða krossins fór fram í húsnæði Skólábúða UMFÍ síðustu helgina í mars. Teymistjóri lofar aðstöðuna í hástert og langar að halda fleiri viðburði þar.

„Við vorum alsæl, öll aðstaðan frábær og maturinn ljúffengur. Þetta var rosalega fint,“ segir Aðalheiður Jónsdóttir, teymisstjóri neyðarvarna hjá Rauða krossinum, sem stóð fyrir Neyðarvarnaþingi Rauða krossins í húsnæði Skólábúða UMFÍ á Reykjum í Hrutáfirði síðustu helgina í mars.

Um áttatíu manns frá öllum landshornum sátu þingið, sem fram fór í Bjarnaborg á Reykjum laugardaginn 25. mars. Hluti hópsins kom síðdegis á föstudag til að undirbúa þingið og gistu aðrir næstu nótt líka, enda þurftu sumir um langan veg að fara til að sitja þingið. Aðalheiður segir gistinguna hafa verið til fyrirmyndar og alla matseld í toppstandi, gómsætt lambalæri í kvöldmat og kaka í desert.

„Það er ekki amalegt,“ segir hún, en þeir sem gistu á Reykjum voru jafnframt í morgunmat þar.

Þetta var þriðja neyðarvarnaþing Rauða krossins. Það fyrsta fór fram árið 2018 og annað árið eftir en sökum heimsfaraldurs féll það niður eftir það.

Samhæfa aðgerðir á landsvísu

Á neyðarvarnaþingi Rauða krossins samhæfa sjálfbóðaliðar aðgerðir

félagsins á landsvísu ásamt því að viðhalda og auka þekkingu sína á neyðarvörnum. Á þinginu nú komu einmitt saman sjálfbóðaliðar, sem eru fulltrúar allra deilda Rauða krossins, og mátu getu innviða, styrkleika og veikleika, bæði Rauða krossins og samfélagsins í heild, til að vera betur í stakk búin til að mæta alls kyns áföllum og hamförum sem geta dunið yfir. Samhliða því er forgangsraðað verkefnum sem þarf að ráðast í og samstarf deilda bætt og eft.

Þinginu var rétt svo lokið þegar snjóflóð skall á í Neskaupstað mánudaginn 27. mars og þurftu margir sem sátu þingið og höfðu farið aftur heim norður fyrir að fara á vettvang.

Aðalheiður og fleiri héldu erindi tengd málefnum Rauða krossins. Auk erindanna fór fram hópavinna í Bjarnaborg þar sem fulltrúar ólíkra landsvæða greindu aðstæður á sínu heimasvæði, helstu hættur og þann viðbúnað sem er til staðar. Kom þar m.a. fram að ýmsar deildir hafa þörf fyrir fleiri sjálfbóðaliða til að geta brugðist betur við ef neyðarástand skapast.

Aðalheiður ítrekar að þingfulltrúar hafi verið afar ánægðir með þingið. Það hafi líka markað upphaf að vinnu við áfallaþolsgreiningu, sem muni halda áfram um allt land.

Hægt að leigja aðstöðu utan skólatíma

UMFÍ tók við rekstri Skólábúða á Reykjum í Hrutáfirði sumarið 2022 og réðst samstundis í gríðarlega umfangsmiklar endurbætur á öllu húsnæðinu í nánu og góðu samstarfi við sveitarstjórn Húnaþings vestra. Í Skólábúðirnar koma nemendur 7. bekkjar af öllu landinu og dvelja þar á virkum dögum. Gríðarlegur fjöldi nemenda kemur í Skólábúðirnar á hverju misseri.

Húsnæði Skólábúðanna hefur tekið stakkaskiptum eftir að UMFÍ og starfsfólk sveitarfélagsins sneri bókum saman um að laga það. Stöðugt er verið að breyta, laga og bæta í búðunum og eru þær orðnar hinar glæsilegustu. Búið er að skipta um húsgögn í öllum herbergjum og hlaða inn afar skemmtilegum leiktækjum í Bjarnaborg, eitt af húsunum sem mynda Reykjaskóla.

Sambandsaðilar, sérsambönd, íþróttafélög og margir fleiri hafa leigt aðstöðu í Skólábúðunum utan skólatíma, þ.e.a.s. á sumrin og um helgar þegar nemendur dvelja ekki í búðunum. Á Reykjum er gríðarlegt magn rúmgóðra bygginga, gisting fyrir 120 manns, matsalur, kennsluhúsnæði með stórum sal og stofum, íþróttasalur og sundlaug. Húsnæðið hefur verið nokkuð vinsælt til leigu fyrir ættarmót og ýmsa hópa.

Ef þú eða félagið þitt vill fræðast meira um húsnæði Skólábúða UMFÍ er hægt að hafa samband við þjónustumiðstöð UMFÍ í síma 568 2929.

Mér er ljúft og skylt að gefa af mér til samfélagsins

Viktoría Kristín Guðbjartsdóttir hefur verið formaður Íþróttafélagsins Ívars síðastliðið ár. Viktoría býr hins vegar með fjölskyldu sinni í Ólafsvík og sinnir þar sjálfbóðaliðavinnu af fullum krafti samhliða daglegri vinnu. Hún óttast að fólk sé orðið svo sjálfhverft að það haldi alltaf að einhver annar þurfi að leggja sitt af mörkum til samfélagsins en það sjálft.

„Þetta er orðið alveg hræðilegt. Það vill enginn bjóða sig fram hjá Íþróttafélaginu og setjast í stjórn. Við hugsuðum um að leggja til fækkun stjórnarmanna úr fimm í þrjá,“ segir Viktoría Kristín Guðbjartsdóttir, formaður Íþróttafélagsins Ívars á Ísafirði, sem er aðildarfélag Héraðsambands Vestfirðinga (HSV). Lendingin varð betri en á horfðist og komu tveir nýir stjórnarmenn inn og var lögum félagsins breytt á þann veg að hlutverk formanns, gjaldkera, ritara og meðstjórnenda verða ákveðin á fyrsta aðalfundi hverju sinni. Það gerir alla verkaskiptingu skýrari.

Staða Viktoríu er lýsandi fyrir ástandið. Tvö ár eru síðan hún flutti með fjölskyldu sinni til Ólafsvíkur og hefur hún sinnt störfum sínum fyrir Íþróttafélagið úr fjarlægð.

„Saga mín er mjög lýsandi fyrir sjálfbóðaliða. Ég var að þjálfa þarna sem krakki og naut þess að vera í Bolungarvík. En eins og svo margir í stjórn Ívars er ég ekki tengd neinum

iðkanda. Þegar ég flutti var ég í stjórn félagsins. Ég ætlaði auðvitað að hætta á sama tíma. En formaðurinn sem hafði verið á undan mér hafði setið í stjórn félagsins í 28 ár. Þetta var líka á covid-tímanum og því samþykkti ég að taka þetta að mér og vera þá fjarformaður í eitt ár. En ég segi líka já við öllu,“ segir Viktoría, sem botnar ekki í ástæðu þess að svo virðist sem fólk sé ekki tilbúið að gefa af sér og setjast í stjórn Íþróttafélags.

Viktoría flutti sem sé til Ólafsvíkur og þar er hún í flestum þeim nefndum sem hægt er að finna sæti í og tengjast umhverfi barna hennar.

„Við eigum átta ára stelpu og fjögurra ára strákur. Ég er komin í foreldrafélagið í grunnskólanum, í foreldrafélagið í tónlistarskólanum og sunddeildina. Þetta er aðeins tengt stelpunni okkar. Ég hef gefið Íþróttafélaginu Ívari mikinn tíma en þarf nú að sinna heimahögum mínum og hverfa í önnur sjálfbóðaliðastörf,“ bendir hún á.



Viktoría Kristín Guðbjartsdóttir.

Samfélagsleg skylda að vera sjálfbóðaliði

Viktoría viðurkennir að hún botni lítið í ástæðum þess að fólk sé óviljugra en áður til að gefa af sér. Engu breyti að staðan sé hjá litlu Íþróttafélagi á Vestfjörðum þar sem iðkendur þurfa virkilega á sjálfbóðaliðum að halda og mikilvægt er að fólk snúi bökum saman til að halda

Í hnotskurn

Íþróttafélagið Ívar var stofnað árið 1988 og hét upphaflega Íþróttafélag fatlaðra á Ísafirði (ÍFÍ). Á aðalfundi félagsins árið í apríl árið 1991 var nafninu breytt í Íþróttafélagið Ívar. Tilgangurinn var tvíþættur. Í fyrsta lagi til aðgreiningar frá Íþróttasambandi fatlaðra í Reykjavík og í öðru lagi til minningar um Ívar Bergmann Þorgeirsson. Hann átti við mikla fötlun og alvarleg veikindi að stríða og lést í mars árið 1986 aðeins tíu ára gamall. Ívar var frá Hnífsdal og hvílir í kirkjugarðinum þar.

Íþróttafélagið Ívar býður upp á boccia, sund og badminton en sömuleiðis hafa iðkendur getað farið á reiðnámskeið. Æfingar fara fram í Íþróttahúsinu á Ísafirði og í Bolungarvík.



Keppendur í boccia.

íþróttastarfinu gangandi. Hún segist heyra svipaða sögu af fleiri félagsamtökum þar sem fólk er tregt til að bjóða sig fram til starfa.

„Mér er það ljúft og skylt að gefa af mér til samfélagsins. Í svona litlum byggðarkjarna eins og Bolungarvík er stjórnarseta eða vinna fyrir íþróttafélag kjörið tækifæri til að kynna öðru fólk og finna þar leið til að komast inn í samfélagið. Fáir gefa kost á sér í þessi störf, sem er víðtækt vandamál. Mér sýnist fólk líka orðið skuldbindingafælið,” segir hún og leggur áherslu á að hún sé hissa á því að fólk skuli leyfa sér að neita því að leggja sitt af mörkum til samfélagsins.

Þurfum að axla samfélagslega ábyrgð

Viktoría er ekki með lausnina á þessum vanda á reiðum höndum. Hægt sé að grípa til ýmissa ráða, verðlauna sjálfbóðaliða með einhverjum hætti, lyfta þeim upp og hampa eins og gert er á Degi sjálfbóðaliðans.

Í sumum tilvikum megi skoða að lækka iðk-endagjöld fyrir börn sjálfbóðaliða. Lækkun gjalda kæmi sér illa fyrir íþróttafélag á borð við Ívar, sem hefur fáa iðkendur.

Viktoría segir þetta ömurlega stöðu, enda ljóst að sumt fólk láti sig samfélagið ekki varða. Samfélagslega ábyrgðin sé orðin svo lítil.

„Við erum sífellt að þrýsta á fyrirtæki og stofnanir um að sýna samfélagslega ábyrgð. En þegar kastljósinu er beint að okkur og við þurfum að leggja okkar af mörkum lokum við augnum fyrir því,” segir hún.



Keppendur frá Íþróttafélaginu Ívari á badmintonmóti í Danmörku.

Skoðun dagsins:

**[Maður segir
pylsa ekki pulsa]**



Ef þig vantar óumdeildari skoðun geturðu fengið eina hjá okkur

Komdu með bílinn og fáðu skoðun sem gildir í ár eða lengur



Sími 570 9090 • www.frumherji.is



Hinrik Þór, Eyþór Eldur og systir hans skemmtu sér konunglega á borðtennis kynningunni hjá Aftureldingu.

Styrkir úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ gefa enn af sér

Afturelding kynnti borðtennis í vetrarfríi grunnskólanna á höfuðborgarsvæðinu í byrjun árs. Félagið er svo heppið að eiga fjögur borðtennisborð sem UMFÍ veitti styrk til að kaupa fyrir 25 árum.

Ætla má að yfir hundrað manns hafi prófað borðtennis í vetrarfríi grunnskólanna í íþróttamiðstöðinni Varmá í Mosfellsbæ um miðjan febrúar. Æfingar voru dagana 16.–17. febrúar undir stjórn þjálfaranna Gests Gunnarssonar, Ellerts Kristjáns Georgssonar og Karls A. Claesson. Á sunnudeginum var svo boðið upp á fjölskyldutíma í umsjón landsliðsþjálfarans Bjarna Þorgeirs Bjarnasonar.



Talið er að um 30 grunnskólanemendur hafi prófað borðtennis á virku dögnum en allt að 80 manns komið á kynninguna á sunnudeginum. Árangurinn af kynningunni er sá að stefnt er á að bjóða upp á reglulegar æfingar í borðtennis í Mosfellsbæ í haust.

Fengu styrk til kaupa á borðum

Kynning á borðtennis var haldin í samstarfi við íþróttafulltrúa Mosfellsbæjar og Borðtennissambandið. Valdimar Leó Friðriksson er framkvæmdastjóri Borðtennissambandsins, en hann var framkvæmdastjóri

Aftureldingar fyrir 25 árum þegar borðtennisborðin voru keypt.

„Það kom upp hugmynd um að sækja um styrk í Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ fyrir borðunum. Það gekk eftir og við gátum keypt fjögur borð sem enn eru til og nýtast enn vel,“ segir hann.



Erum óendanlega stolt af Fyrirmyndarbikarnum

Þátttakendur Ungmennasambands Vestur-Skaftafellssýslu (USVS) hlutu Fyrirmyndarbikarinn á Unglingalandsmóti UMFÍ á Selfossi 2022. Formaðurinn segir liðsheildina hafa verið einkar góða.

„Við erum óendanlega stolt af þessari viðurkenningu. Ég vil nota tækifærið til að koma á framfæri innilegu þakklæti til keppenda, þjálfara, fararstjóra, foreldra og allra annarra sem lögðu sitt af mörkum til að stuðla að þessum árangri,“ skrifar Fanney Ásgeirsdóttir, formaður Ungmennasambands Vestur-Skaftafellssýslu (USVS), í ávarpi sínu í ársskýrslu sambandsins.

Stolt formannsins er Fyrirmyndarbikarinn, sem þátttakendur USVS fengu á Unglingalandsmóti UMFÍ á Selfossi um verslunarmannahelgina í fyrra. Fyrirmyndarbikarinn er afhentur þeim gestum mótsins úr röðum sambandsaðila UMFÍ sem sýna þrúðmennsku, jákvætt viðmót, heiðarleika og samstöðu og njóta styrkrar og jákvæðrar fararstjórnar og umsjónar.

Tóku þátt í mörgum greinum

Fanney segir í ávarpi sínu þátttakendur USVS hafa átt glæsilega innkomu og látið til sín taka við hvert tækifæri. USVS hafi átt þrjú lið í knattspyrnu, tvö í körfubolta og tvö í strandhandbolta, keppendur í frjálsum íþróttum, kökuskreytingum, pílukasti, frísbígolfi, bogfimi og upplestri.

„En hópurinn okkar var ekki aðeins virkur og duglegur að taka þátt, þau voru einfaldlega til fyrirmyndar í hvívetna. Svo við skulum muna að það voru ekki eingöngu keppendur sem unnu til þessarar glæsilegu viðurkenningar, hún er afrakstur vináttu, liðsheildar og heiðarlegrar framkomu alls þess hóps sem mætti á mótið og fylkti sér undir merkjum USVS,“ skrifar Fanney stolt og glöð með árangurinn.



Hluti þátttakenda USVS tekur við Fyrirmyndarbikarnum við slit Unglingalandsmóts UMFÍ á Selfossi.



Eitt af því sem félagar í USVS telja að efli liðsandann er að þátttakendur séu klæddir eins peysum. Sambandið gefur peysurnar sem merktar eru USVS. Samþykkt var á þingi USVS á dögunum að gefa sömuleiðis yngri þátttakendum peysur, svo þátttakendur veðri áberandi á mótinu.

Um Fyrirmyndarbikarinn

Fyrirmyndarbikar Unglingalandsmóts UMFÍ er afhentur á mótsslitum til þess héraðssambands eða íþróttabandalags sem hefur sýnt fyrirmyndarframkomu innan sem utan keppni. Mótshaldari skipar þriggja manna dómnefnd sem velur þann sem hlýtur bikarinn. Dómnefndin horfir m.a. til eftirfarandi þátta við val á fyrirmyndarfélagi:

- Samstæð og glæsileg skróðganga keppnisliðs og stuðningsfólks.
- Framkoma liðsfélaga, stuðningsmanna og fylgdarliðs sé þrúð og háttvís og öll til fyrirmyndar innan og utan vallar.
- Samstaða keppnisliða, innan vallar og utan sem og við leik og á tjaldsvæðum.
- Jákvæð hvatning eigin liðs, heiðarleg framkoma og hrós til mótherja.
- Jákvætt viðmót keppenda og fylgdarliðs, laus við hroka og yfirgang.
- Jákvæð fjölskyldustemming á tjaldsvæðum.
- Undirbúningur þátttöku, skráning og samskipti við mótshaldara.
- Styrk og jákvæð fararstjórn og umsjón með keppendum og fjölskyldum þeirra.



Kökuskreytingar voru ein þeirra fjölmörgu greina sem þátttakendur USVS tóku þátt í.

Flóttafólk og íþróttir

UMFÍ vinnur með félagasamtökum á Norðurlöndunum við að hjálpa flóttabörnum frá Úkraínu og foreldrum þeirra að aðlagast nýju samfélagi.

UMFÍ hefur frá því snemma árs 2022 verið samstarfsaðili í samnorrænu verkefni sem felur í sér samþættingu og lærdóm flóttabarna frá Úkraínu á Norðurlöndunum í gegnum íþróttir (verkefnið heitir upp á ensku: Integration and Learning Through Sport and Play for Ukrainian Children in the Nordics). Markmið verkefnisins er að veita börnum frá Úkraínu og fjölskyldum þeirra tækifæri til náms og betri aðlögun í nýju landi eftir flóttu frá heimalandi þeirra í kjölfar innrás Rússa.

Í samvinnunni með félagasamtökum annars staðar á Norðurlöndunum er markmiðið að deila þekkingu, fá hugmyndir að verkefnum sem auðvelt er að laga að mismunandi hópum og prófa gagnsemi verkefna. Með UMFÍ og hinum félagasamtökunum á Norðurlöndunum vinna íþróttafélög í löndunum, sveitarfélög og stofnanir.

Þetta er langt í frá eina sambærilega samstarfsverkefni UMFÍ og ISCA af þessum toga. UMFÍ var með í verkefni árin 2019–2020 sem hét Integration of Refugees Through Sport (skammstafað IRTS).

Hjá UMFÍ kannast fleiri við verkefnið undir heitinu Vertu með, en markmið þess er að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Nýja samstarfsverkefnið hófst 1. nóvember 2022 og á að standa til 30. apríl 2024.

Þau Ragnheiður Sigurðardóttir, verkefnastjóri UMFÍ, og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi UMFÍ og ritstjóri Skinfaxa, fóru á tveggja daga vinnufund í höfuðstöðvum ISCA í Kaupmannahöfn í febrúar ásamt fulltrúum hinna samstarfsaðilanna. Á fundinum var farið



Norræni hópurinn ásamt starfsfólki og sjálfbóðaliðum ISCA á góðri stundu.

dýpra ofan í verkefnið og markmið þess. Niðurstaðan var að kanna nánar stöðuna í hverju landi, safna leikjum frá Norðurlöndunum sem gagnast og þar fram eftir götunum. Jafnframt verður unnið með samtökum og hópum flóttafólks frá Úkraínu á Norðurlöndunum.

Áherslur og birtingarmyndir verkefnisins voru mismunandi eftir löndum. Þau Ragnheiður og Jón Aðalsteinn lögðu áherslu á að nýta verkefnið til að auka þekkingu þjálfara – koma með efni sem styður þá við móttöku barna af erlendum uppruna, ekki aðeins flóttabarna frá Úkraínu. Þá mun verkefnið nýtast enn betur verkefninu Allir með. Þegar er búið að þýða bæklinginn á úkraínsku með hjálp Irynu Nerubaievu, sem flúði Úkraínu á síðasta ári og kom hingað til lands með móður sinni.

Samstarfsaðilarnir og fulltrúar UMFÍ hafa fundað nokkrum sinnum með fjarfundarbúnaði um málið en næstu staðfundur verður á þingi ISCA í nóvember.

Ljóst er að verkefnið eykur viðsýni og þekkingu starfsfólks UMFÍ, sem mun miðla henni áfram og gera UMFÍ kleift að þjónusta sambandsaðila í þessum málaflokki enn betur.



Fulltrúar félaga frá Danmörku, Finnlandi og Noregi lýsa sumri með Lego-kubbum.



Eftir tveggja daga fundi var mikilvægt að teygja sig.

Samstarfsaðilar að verkefninu

- ISCA – verkefnastjórn og framkvæmd
- Monaliiku frá Finnlandi
- Íþróttahéraðið Viken Idrettskrets frá Noregi
- Dansk Skoleidrætt frá Danmörku.

Þetta er ISCA

ISCA (International Sport and Cultural Association) eru alþjóðleg samtök ýmissa grásrótsamtaka á sviði íþróttar, almennings-íþróttar og menningar. Samtökin teygja anga sína um allan heim og hafa í gegnum tíðina reynst UMFÍ verðmætur tengiliður. UMFÍ hefur unnið með samtökunum að ýmsum verkefnum um árabíl. Þekktasta verkefnið hér á landi er án nokkurs vafa Hreyfivika UMFÍ, sem haldin var hér á landi frá árinu 2012 til 2020.



UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
UNGMENNAFÉLAGIÐ AFTURELDING

UMFÍ

ÍPRÓTTAVEISLA UMFÍ

DRULLUHLAUP KRÓNUNNAR

KRÓNAN 

MOSFELLSBÆ
12. ÁGÚST



ALLT UM HLAUPIÐ
UMFI.IS



Hvernig á að halda þessa fundi?

Út eru komnar hagnýtar upplýsingar um fundi, hlutverk og ábyrgð stjórnarfólks, framkomu og ræðumennsku.

UMFÍ hefur uppfært hagnýtar upplýsingar um fundi, hlutverk og ábyrgð stjórnarfólks, framkomu og ræðumennsku. Þetta er haldgóður leiðarvísir þegar boða á til aðalfundar, fundar í deildinni, viðburðar hjá félaginu þínu, þegar fólk fer að pæla í því hvert sé hlutverk stjórnar, hvernig á að byggja upp og móta ræðu, bera fram tillögur á fámennum þingum og fjölmennum og þar fram eftir götunum.

Ef eitthvað er óljóst getur fólk haft samband við þjónustumiðstöð UMFÍ í Laugardal í Reykjavík.



Þú getur nálgast ritið á heimasíðu UMFÍ (www.umfi.is) undir flípanum Verkfærakista. Þú getur líka farið með símann þinn yfir QR-kóðann hér til hliðar.



Dæmi úr ritinu: **Dagskrá fundar**

Við undirbúning fundar þarf að semja dagskrá. Ekki skiptir hvort fundurinn er fyrir fáa eða marga, lítill eða stór, ráðstefna, stjórnarfundur eða nefndarfundur. Dagskrá sem lögð er fram í upphafi fundar er tillaga að dagskrá fundarins.

Dagskráin telst samþykkt ef ekki koma fram athugasemdir við hana.

Fundurinn sjálfur ræður dagskrá, þó í samræmi við ákvæði félagslaga, og getur hann gert á henni breytingar.

Fundarstjóri getur gert breytingar á fyrirliggjandi dagskrá, svo sem til þess að flýta fyrir störfum fundarins. Fundarstjóri þarf þó alltaf að leita eftir samþykki fundargesta við öllum slíkum breytingum.

Á fjölmennum fundum og ráðstefnum er heppilegt að dagskrá sé til útprentuð og dagskrárlíðir tímasettir eftir því sem unnt er.

Dæmi um dagskrá aðalfundar hjá félagi

1. Fundur settur
2. Kjör starfsmanna fundarins
 - Fundarstjóri • Fundarritari
3. Fundargerð síðasta aðalfundar lesin upp
4. Skýrsla stjórnar um síðastliðið starfsár
 - Skýrsla formanns/stjórnar • Skýrsla gjaldkera
5. Lagabreytingar
6. Kosningar
 - Formaður • Fjórir meðstjórnendur • Þrír í varastjórn
 - Tveir endurskoðendur/skoðunarmenn
7. Starfsemi félagsins á næsta starfsári
8. Önnur mál
9. Fundarslit

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
HÉRAÐSSAMBANDIÐ HRAFNA FLÓKI

UMFÍ

ÍPRÓTTAVEISLA UMFÍ

FORSETA HLAUP

PATREKSFIRÐI
2. SEPTEMBER



ALLT UM HLAUPIÐ
UMFI.IS

Gamla myndin: Konungsglíman 1907

Árið er 1907 og upp er runninn fagur sumardagur við Öxará á Þingvöllum þennan fallega föstudag 2. ágúst. Talið er að rúmlega sex þúsund manns séu saman komin á Þingvöllum af öllu landinu til að fagna Þjóðhátíð landsins í annað sinn, en fyrst var hún haldin árið 1874.

Hans hátign Friðrik VIII., konungur Íslands og Danmerkur, og annað mektarfólk að utan, þar á meðal danskir þingmenn, eru á hátíðinni auk íslenskra ráðamanna. Þetta var fyrsta heimsókn Friðriks til Íslands, en faðir hans, Kristján IX., kom hingað fyrstur ríkjandi Danakonunga á Þjóðhátíðina 33 áður og færði Íslendingum stjórnarskrá.

Spenna og gleði er í loftinu. En það er ekki nálægðin við konung sem heillar. Gestir á Þingvöllum bíða eftir glímukeppni.

Á þessum nótum gætu fréttamenn hafa fjallað um þennan merka atburð fyrir 116 árum. Fréttafólk fylgdist grannt með ráðamönnum og konunginum og síðar voru gefnar út bækur til að minnast þessarar merku heimsóknar.

Hér á myndinni til hliðar má sjá frá vinstri þá Jóhannes Jósefsson, Guðmund Stefánsson og Hallgrím Benediktsson, kepptu í glímu fyrir fram- an konung og landsmenn ásamt fimm öðrum glímuköppum. Glíman endaði á þann veg að Hallgrímur hlaut fyrsta sætið og fékk fyrir það 300 krónur í verðlaunafé. Guðmundur lenti í öðru sæti og fékk 200 krónur en Jóhannes náði þriðja sætinu og fékk lægstu fjárhæðina, 100 krónur. Þetta var ekkert slor en til fróðleiks má nefna að til samanburðar greiddi Hannes Hafstein ráðherra 500 krónur í útsvarsgjald árið 1908.

Með pálmann í höndunum

Úrslit glímukeppninnar voru ekki eins og glímukappinn Jóhannes hafði séð fyrir sér. Þessi snari Akureyringur hafði strengt þess heit að fara með sigur af hólmi, enda var hann keppnismaður með einbeittan sigurvilja og skapharður. Það var því skellur að lenda í þriðja sæti. En þrátt fyrir tapið lifir minning Jóhannesar enn. Hann varð fljótlega frægasti íþróttamaður landsins og varð glímukóngur Íslands á Ólympíuleikum í London árið 1908, en þangað fór hann fyrstur Íslendinga.



Jóhannes Jósefsson (lengst til vinstri á myndinni) hafði heitstrengt að sigra í konungsglímunni. Hann varð hins vegar í þriðja sæti. Við hlið Jóhannesar er Guðmundur Stefánsson en lengst til hægri er sigurvegarinn í konungsglímunni, Hallgrímur Benediktsson og heldur hann á birki- grein sem á að tákna lárviðarsveig.

En aftur að þessum örlogaríka degi í lífi Jóhannesar á Þingvöllum árið 1907. Þetta er söguleg stund því þar kom hann með fimm félögum sínum í glímunni að stofnun heildarsambands ungmennafélaga á Íslandi.

Jóhannes var kosinn fyrsti formaður sambandsins, sem varð Ungmennafélag Íslands, og var árið 1927 gerður að fyrsta heiðursfélagi ungmennafélagshreyfingarinnar á Íslandi. Félagar hans tveir voru gerðir að heiðursfélögum á sama tíma, þeir Þórhallur Björnsson og Helgi Valtýsson.

VERIÐ VELKOMIN Á LANDSMÓT UMFÍ 50+ Í STYKKISHÓLM 2023



Hjálpumst að svo allir geti tekið þátt í íþróttastarfi

Formaður UMFÍ er bjartsýnn á framtíðina og segir það samfélagslega ábyrgð að opna dyr íþróttafélaga svo að sem flestir geti tekið þátt í starfinu.

„Við þurfum að virkja fleiri formenn, stjórnir, deildir og þjálfara í lausnahugsun þegar fatlaður einstaklingur vill stunda íþróttir hjá félagi með ófötludóm. Það er hægt. En við megum ekki láta starfið og úrlausn málsins hvíla á herðum einstaklings, til dæmis þjálfara. Allir þurfa að hjálpast að,“ segir Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ.

Hann hélt ávarp á þingi Íþróttasambands fatlaðra í apríl og var þetta í fyrsta sinn sem formaður UMFÍ gerir það.

Jóhanni var af þessu tilefni tíðrætt um ýmis tímamót um þessar mundir. Þær helstu flutning þjónustumiðstöðvar UMFÍ í Íþróttamiðstöðina í Laugardal. Það marki skref í sögu UMFÍ og íþróttahreyfingarinnar reyndar því ungmennafélagshreyfingin er nú undir sama þaki og stór hluti íþróttahreyfingarinnar á Íslandi.

Til viðbótar sagðist hann binda miklar vonir við nýtt skýrsluskilakerfi íþróttahreyfingarinnar.

„Ef allar væntingar ganga eftir þá mun það gera okkur kleift að fá betri yfirsýn yfir íþróttastarf í landinu. Það hjálpar okkur að kortleggja stöðuna og vinna að því að allir verði með og að enginn sitji eftir á jaðrinum,“ sagði hann og áréttaði að nýtt kerfi og betra flæði á samskiptum innan íþróttahreyfingarinnar auk meiri samvinnu muni gagnast betur þeim sem fyrir einhverra hluta sakir standa utan við íþróttastarfið.


„Við þurfum að fá fleiri um borð. Allir þeir sem vilja vera með eiga



Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ.

að vera með. Það er lýðheilsumál að opna dyrnar fyrir öllum sem vilja vera þátttakendur í íþróttastarfi. Það er samfélagsleg ábyrgð okkar hvort sem við erum innan Íþróttasambands fatlaðra, ÍSÍ eða UMFÍ, sérsambands eða aðildarfélaga,“ sagði hann.

Slepptu röðinni og skannaðu á meðan þú verslar!



Þú finnur
Skannað og
skundað í

🍏 App store
▶ Play store

KRÓNAN

Spila pílu undir Fjöllum

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?



Bjarki formaður ásamt Ragnheiði Högnadóttur, stjórnarkonu UMFÍ.

Ungmennafélagið Trausti fagnaði 100 ára afmæli í mars. Íþróttastarf Trausta hefur færst yfir til Ungmennafélagsins Dímons og er félagið nú vettvangur fyrir sveitunga til að hittast.

„Þetta er bara skemmtilegt og afmælið alveg frábært,“ segir Bjarki Freyr Sigurjónsson, formaður Ungmennafélagsins Trausta undir Vestur-Eyjafjöllum, sem fagnar aldarafmæli á árinu. Félagið var stofnað 11. mars 1923 og var haldið upp á afmælið með pompi og prakt með drekkhlöðnu afmæliskaffiborði og hátíðardagskrá í félagsheimilinu Heimalandi undir Eyjafjöllum, sem er heimavöllur Umf. Trausta. Afmælisgestir skemmtu sér konunglega. Gestir gátu skoðað gamla verðlaunagripa, hlustað á ræður og tónlist á meðan yngstu gestirnir skemmtu á sérstöku leiksvæði sem hafði verið sett upp í hliðarsal. Skipuleggjendur afmælisveislunnar höfðu líka fengið að fletta í gömlum fundagerðar-bókum allt aftur til 1928 til að segja gestum frá.

Bjarki segir stjórn Trausta hafa lagt upp með að afmælisboðið yrði vettvangur fyrir alla, ekki síst brottflutta félagsmenn. „Við auglýstum afmælið með þeim hætti að það gæti höfðað til fólks sem hefur haft tengingu við félagið, æfði jafnvel fyrir fjörutíu, fimmtíu eða sextíu árum. Það heppnaðist,“ heldur Bjarki áfram og bendi á að móðir sín, sem er 65 ára, hafi í afmælinu hitt bekkjarsystkini úr gagnfræðaskóla.

Píla fyrir félagsfólk

Á árum áður var íþróttastarfið kröftugt og mikið hjá Ungmennafélaginu Trausta og æfðu og kepptu margir undir merkjum þess. Sambandsvæði Trausta er undir Vestur-Eyjafjöllum og nær frá Markarfljóti að bænum Steinum undir Austurfjöllum svokölluðum, þar sem Ungmennafélagið Eyfellingur tekur við austur yfir að Sólheimasandi.

Iðkendur Ungmennafélagsins Trausta voru í Seljalands-skóla og fór íþróttastarf fram á svæði félagsins þar til bæði skóla- og íþróttastarf var flutt til Hvalsvallar, en þá hófu skólábörn að æfa undir merkjum Ungmennafélagsins Dímonar.

Bjarki segir heilmikið íþróttastarf hafa farið fram undir merkjum Ungmennafélagsins Trausta. Nú sé félagslegi þátturinn orðinn viðameiri.

„Við erum alltaf með leikjanámskeið en hittumst líka einu sinni í viku yfir háveturinn í Heimalandi og spilum pílu. Við erum ekki með þjálfara heldur einbeitum okkur að því að hittast reglulega,“ segir Bjarki. Félagið á nokkur píluspjöld en hefur fengið búnað að láni fyrir stærri viðburði. Það var því vel við hæfi að gestir frá HSK gáfu píluspjald og tilheyrandi í afmælisgjöf. Píluæfingar hafa notið vaxandi vinsælda og hittist nú félagsfólk á öllum aldri í Heimalandi og spilar pílu.

Kirkjugarður fjármagnar starfið

Bjarki tók við formennsku hjá Umf. Trausta árið 2016, aðeins 23 ára. Hann fæddist á félagssvæðinu en flutti til höfuðborgarsvæðisins fimm ára með fjölskyldu sinni og ólst þar upp innan handboltaraða Hauka í Hafnarfirði. Hann sleit aldrei tengslin við sveitina, enda bjuggu afi hans og amma þar enn og fór hann til þeirra í öllum fríum.

„Ég hef alltaf haft svo sterkar taugar til svæðisins. Ég flutti aftur austur endanlega árið 2014, náði sterku sambandi við samfélagið og sveitina og keypti fyrir þremur árum litla jörð og íbúðarhús rétt hjá Heimalandi. Ég vil vera með og tók þess vegna vel í það þegar ég var plataður til að verða formaður árið 2016,“ segir Bjarki og tíundar fjölmarga skemmtilega og gagnlega viðburði félagsins.

Þar á meðal eru hátíðahöldin sem félagið stendur fyrir 17. júní ár hvert og brenna á gamlárskvöld, flugeldasýning og þrettándagleði annað hvert ár við Seljalandsfoss á móti Ungmennafélaginu Eyfellingi, sem heldur sína hátíð við Skógafoss árin á móti. Einn af árlegum viðburðum félagsins er sláttur í kirkjugarðinum í Stóradal, sem reyndar aflar félaginu fjár og kostaði afmælisveisluna að stórum hluta, auk tiltektardags sem haldinn er hvert vor í samstarfi við sveitarfélagið.

„Þetta er okkar privatdagur þegar við förum og tínum rusl í gamla Vestur-Eyjafjallahreppi. Allir taka þátt sem hafa heilsu og getu til,“ segir Bjarki, en á milli 20 og 40 manns á öllum aldri taka þátt í tiltektardeginum af um 90 skráðum félagsmönnum.

„Sveitarfélagið vinnur með okkur að tiltektardeginum. Á þeim degi skorum við líka á önnur félög að taka til á sínu svæði. Þetta er skemmtilegt, við látum veðrið ekki stoppa okkur og þátttakendum er alltaf að fjölga af því að allir vilja leggja hönd á plóg,“ segir hann.



Hressir félagar í Ungmennafélaginu Trausta taka til hendinni í kirkjugarðinum í Stóradal.

Takk fyrir stuðninginn

Álnabær ÁTVR	Cargo express ehf	Grunney ehf. Gunnar Jónsson ehf.	K 16 Byggingar og viðhald ehf. KHG Þjónustam ehf. Klassik ehf. Króm og Hvítt ehf.	P.G. stálsmiði ehf. Pixel ehf.	Sæplast ehf.
Alþrif ehf. Andey ehf. Apótek Suðurlands Apótek Vesturlands Asterix ehf. Auglýsingastofan ENNEMM	Dagsverk ehf Dmm lausnir ehf. Dynkur ehf.	Herramenn Héraðsprent Hlér ehf. Hótel Borgarnes Humarsalan ehf. Hvalfjarðarsveit Hvalur hf. Hveragerðiskirkja Höfðakaffi ehf.	Lagsmaður ehf. Landssamband Lögreglumanna LK pípulagnir ehf. Loðnuvinnslan hf.	Ræktunarsamband Flóa og Skeiða	Tannlæknafélag Íslands Tannlæknastofa Suðurlands Tannsinn ehf. ThorShip TSA ehf. Túnþökupjónustan
Benni pípari Bífreiðastæð ÞPP Bífreiðaverkstæði Kópavogs Bílakallinn ehf. Bílasmiðurinn ehf. Bílaverkstæðið Bragginn Bláskógabyggð Blikkrás Blikksmiðjan Vík Bolungarvíkurkaupstaður Bón Fús ehf.	Ég og Jói ehf. Fagverk ehf. Félag skipstjórnarmanna Fiskmarkaður Þórshafnar Fjölbrautarskóli Suðurlands G.G. Iagnir ehf. Gilbert úrsmiður Gjögur ehf. Goddi ehf.	Innlifun ehf. Ís og ævintýri ehf. Ísblikk Ísfélag Vestmannaeyja Íslands apótek Íslensk verðbréf Jarðmenn ehf. Járnsmiðja Óðins Jónar transport hf.	Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas Máni verktakar Minilik epiópískt veitingahús Músík og sport ehf. Möl og sandur Nonni Gull Ósal	SIH pípulagnir Samstaða stéttarfélag Sendibílar Reykjavíkur SG hús Sigurgeir G. Jóhannesson Sildarvinnslan Síma- og tölvulagnir ehf. Sjúkranudd Óskars Skagafjarðarveitur Skólphreinsun Ásgeirs Skorri ehf. Smíðandi Sparri Steinull ehf. Stjórnfélag Austurlands Strendingur ehf. Súðavíkurhreppur	Verbúðin 66 Verkræðistofan Tera Við og við sf. Vikurós Vörumiðlun Þingeyjarveit Þjónustustofan ehf. ÞS verktakar Ölfus Ökland Öryggisgirðingar



FJARÐABYGGÐ



Landsvirkjun



SN/EFELLSBÆR
Þar sem jökullinn ber við loft...



Ílönunsmálaráðgjafi
Sími: 437 1242 Gsm: 894 5151
eji@remax.is



HS VEITUR

Skagafirði

Við í Skagafirði bjóðum ykkur velkomin að upplifa ævintýrin með okkur í sumar!

UNGLINGALANDSMÓT
UMFÍ
SAUÐARKRÖKUR
4. - 6. ÁGÚST 2023
HVAR VERÐUR ÞÚ?

lindex.is

Loksins vor.

LINDEX